

Ungmennasamband Borgarfjarðar



Ársskýrsla 2016

Uppsetning: Pálmi Blængsson
Prentun: Fjölritunar og útgáfupjónustan
Gefin út í mars 2017

Efnisyfirlit

Formáli sambandsstjóra.....	4
Frá framkvæmdastjóra.....	5
Frá tómstundafulltrúa.....	6
Afreksmannasjóður UMSB.....	8
Íþróttamaður Borgarfjarðar 2016.....	9
Aðildarfélög UMSB.....	13
Ársskýrslur aðildarfélaganna.....	14
Dansíþróttafélag Borgarfjarðar	14
Frjálsíþróttafélag Borgarfjarðar	15
Golfklúbbur Borgarness	16
Golfklúbburinn Glanni.....	21
Hestamannafélagið Faxi	22
Hestamannafélagið Skuggi	23
Mótorsportfélag Borgarfjarðar	30
Skotfélag Vesturlands	32
Ungmennafélagið Björn Hítðælakappi.....	33
Ungmennafélagið Íslendingur	33
Ungmennafélag Reykdæla	35
Ungmennafélagið Skallagrímur	39
Knattspyrnudeild Skallagríms	39
Körfuknattleiksdeild Skallagríms.....	41
Leikdeild Skallagríms	44
Sunddeild Skallagríms	45
Ungmennafélag Stafholtstungna	46
Ársreikningur 2016.....	51

Formáli sambandsstjóra

Kæru aðildarfélagar,

enn einu sambandsárinu lokið og nóg um að vera hjá aðildarfélögum UMSB. Það er ekki annað að sjá við lestur á starfsskýrslum en að félögin hafi verið að sinna hefðum og verkefnum sem tilheyra deildum og aðildarfélögum innan UMSB. Sjálfboðaliðar í hinum ýmsu verkefnum hvort sem er að skipuleggja íþróttamót eða standa á sviði í stórskemmtilegum leikþætti.

Starf sjálfboðaliðans er mikilvægt innan ungmennafélagshreyfingarinnar og verðum við að muna að styðja við þá vinnu sem fer fram innan þeirra raða. Virðing og traust er það sem kemur upp í hugann þegar við hugsum til sjálfboðaliðanna, virðing fyrir tíma þeirra og traust að vinna eftir þeirra bestu getu. Sjálfboðaliðar eru mikilvægir og það sást hvað einna mest í kringum og á Unglingalandsmóti UMFÍ sem UMSB og Borgarbyggð héldu í Borgarnesi síðastliðið sumar. Við í stjórn UMSB viljum þakka kærlega fyrir alla þá ómældu vinnu sem sjálfboðaliðar innan okkar raða unnu í tengslum við Unglingalandsmótið. Það hefði ekki verið hægt að halda svo stórt mót eins og Unglingalandsmót UMFÍ nema að hafa marga og duglega sjálfboðaliða sér við hlið og það erum við innan raða UMSB svo lánsöm að eiga.

Þjónustumiðstöð UMSB að Skallagrímsgötu 7a er vel nýtt og góð staðsetning hennar tengir okkur betur við starfsemi aðildarféлага okkar. Fundaraðstaðan er í boði fyrir félaga okkar og ávallt er starfsmaður frá UMSB á staðnum á opnunartíma. Á hverju ári kemur nýtt fólk inn í stjórnir og nefndir UMSB og aðildarféлага og það er mikilvægt að minna sig á að það er hægt að leita til þeirra sem þekkja til því þannig verður starfið farsælla.

Ég vil að lokum þakka starfsmönnum og stjórn UMSB fyrir síðastliðið ár, þetta var stórt ár í starfi UMSB. Einnig ber að þakka öllum þeim stjórnar og nefndaraðilum fyrir þeirra starf í þágu hreyfingarinnar og hvet ég ykkur öll til þess að halda áfram því flotta starfi sem hefur verið unnið á síðastliðnum árum.

Sólrún Halla Bjarnadóttir

Frá framkvæmdastjóra

Árið 2016 var að venju viðburðaríkt hjá UMSB og aðildarfélögunum eins og sést á þessari ársskýrslu þar sem félögin okkar segja frá því helsta úr sínu starfi á árinu 2016. Eitt fyrsta verkefni ársins 2016 var að krýna íþróttamann Borgarfjarðar 2015 við hátíðlega athöfn í félagsheimilinu Brún og var það Helgi Guðjónsson sem hlaut titilinn. Þessi verðlaunahátíð í janúar 2016 var þarna haldin þriðja árið í röð og er gaman að sjá aðildarfélögin okkar nýta þetta tækifæri og verðlauna sína iðkendur og skapa þannig með okkur flotta uppskeruhátíð sem vonandi heldur áfram að stækka og festa sig í sessi í framtíðinni.

Unglingalandsmót UMFÍ sem haldið var í Borgarnesi um verslunarmannahelgina er án nokkurs vafa stærsti viðburðurinn sem við komum að á árinu og í stuttu máli er óhætt að segja að það hafi tekist frábærlega. Hversu vel tókst til má að langmestu leyti þakka óeigingjörnu framlagi þeirra fjölmörgu sjálfboðaliða sem tóku þátt í framkvæmd og undirbúningi mótsins, ásamt því að veðurpöntunin hafi gengið eftir og sólin og veðurlíðan hafi mögulega hjálpað örlítið. Svona mót þar sem u.þ.b. 10.000 gestir og tæplega 1.500 keppendur koma og taka þátt, gæti aldrei orðið að veruleika og hvað þá tekist svona vel nema með mikilli sjálfboðavinnu félagsmanna og fyrir það þökkum við, því það er ekki sjálfgefið að eiga jafn öflugt bakland af sjálfboðaliðum og við búum við hérna á svæði UMSB. Og bara til að setja ykkar framlag í samhengi þá voru skráðir vinnutímar sjálfboðaliða við ULM 3.544 klst. sem jafngildir því að unnir hafi verið 443 heilir dagar í sjálfboðavinnu við undirbúning og framkvæmd mótsins ef við miðum við 8 tíma vinnudag. Takk fyrir það!

Á síðasta sambandsþingi var nokkur endurnýjun í stjórn UMSB þar sem m.a. nýr sambandsstjóri tók við af Sigurði Guðmundssyni sem gaf ekki kost á sér áfram, en það er Sólrún Halla Bjarnadóttir sem tók við keflinu og hefur hún staðið vaktina af prýði síðan.

Haldnir voru tveir formannafundir á árinu venju samkvæmt og þar var m.a. örnámskeið í hlutverkum stjórnarfólks, farið yfir sjóði UMFÍ, ÍSÍ og annara sem félögin geta sótt í og rætt um undirbúning og uppgjör Unglingalandsmóts.

Önnur „hversdagslegri“ verkefni ársins 2016 eru mörg og misjöfn en t.d. má nefna að við fengum styrk frá UMFÍ til að halda námskeið í ólympískum lyftingum og var það ágætlega sótt. Við tókum þátt í undirbúningi og innleiðingu frístundakorta fyrir börn í Borgarbyggð sem er gaman að segja frá, en það tók gildi í lok árs 2016 og er það niðurgreiðsla frá Borgarbyggð uppá 20.000,-kr á ári fyrir hvert barn í Borgarbyggð sem nýtist til niðurgreiðslu á skipulögðu tómstunda og frístundastarfi. Við skipulögðum árlega heilsuviku í Borgarbyggð s.l. vor, og svo er sérstaklega gaman að segja frá því að Borgarbyggð hefur hafið vinnu við að verða heilsuefandi samfélag og við eigum fulltrúa í vinnuhópi sem sér um það ferli. Skrifstofan okkar við Skallagrímögötu í Borgarnesi er mikið notuð af þeim félögum sem ekki hafa greiðan aðgang að félagsheimili til að funda og hittast, sem er frábært og við hvetjum ykkur til að nýta þá aðstöðu sem er í boði. Við setjum saman og höfum umsjón með tímatöflu íþróttahúsanna í Borgarbyggð og er alltaf fjör á hverju hausti þegar kemur að því að úthluta tímum. Stjórnarfundir UMSB eru u.þ.b. mánaðarlega og ég hvet ykkur til að hafa samband ef þið hafið einhver erindi sem þið viljið fá stjórn UMSB til að skoða eða fjalla um.

Ég vil að lokum hvetja ykkur áfram til góðra verka, því eins og sjá má á skýrslum aðildarfélaganna sem koma hér á eftir er mikið og öflugt starf hjá flestum okkar félögum. Verum óhrædd við að vinna saman, nýtum styrkleika hvers annars okkur í hag og gerum þannig gott starf enn betra.

Takk fyrir ánægjulegt samstarf á árinu 2016.

Pálmi Blængsson
framkvæmdastjóri UMSB.

Frá tómstundafulltrúa

Sæl verið þið!

Þau eru nokkur verkefni sem tómstundafulltrúi UMSB þarf að halda utan um og ætla ég að fara stutt yfir hvern lið fyrir sig.

Íþrótt og tómstundaskólinn: Hann er starfræktur á Varmalandi, Borgarnesi, Hvanneyri og Kleppjárnsreykjum og er hann fyrir 1.-4. bekk. Við gerum okkar besta að bjóða upp á öflugt tómstundastarf fyrir þennan aldur á hverri starfsstöð fyrir sig í samstarfi með ungmennafélögunum á staðnum og íþróttadeildum. Því miður hefur ekki gengið að halda úti fjölbreyttu starfi á Varmalandi og er stærsta hindrunin þar að finna fólk til að vera með námskeiðin.

Núna um áramótin innleiddi Borgarbyggð frístundarstyrkinn í Borgarbyggð, þá breyttum við fyrirkomulaginu innan íþrótt og tómstundaskólans, núna fær 1.-2. bekkur að vera í svokölluðu flæði. Það þiðir að þau mega prófa sig áfram eins og þau vilja, mega æfa 1x eða 2x í viku, það er í boði að hætta og skipta um greinar eftir því sem hentar þeim og þeirra áhugasviði. En 3. bekkur og uppúr þurfa að binda sig út önnina. Núna sjá íþróttafélögin og deildirnar sjálf um allar skráningar og fer það í gegnum Íbúagátt Borgarbyggðar og Nóra innheimtu og skráningarkerfi.

Félagsmiðstöðin Óðal: er félagsmiðstöð fyrir 8.-10. bekk í Borgarbyggð. Núna um áramótin var tekin ákvörðun að veita fjármagni í að lagfæra og betrumbæta félagsmiðstöðina okkar. Framkvæmdir eiga að hefjast í mars og áætlað er að þeim verði lokið 2017. Við sjáum einnig fyrir okkur að nýta húsnæðið meira undir tómstundir hjá fólki á ýmsum aldri. Öflugt starf fer fram í Óðal, mikið er um skipulagða dagskrá og sjáum við mikla aukningu á aðsókn í félagsmiðstöðina okkar meðal unglinganna.

Borgarbyggð samþykkti einnig að byrja tómstundaakstur í Óðal 1x í viku fyrir þá sem eru í Grunnskóla Borgarfjarðar, þeir krakkar sem vilja nýta sér þetta fara með tómstundabílnum í Borgarnes að skóla loknum. Þegar þau koma í Óðal tekur við skipulögð starfsemi sem er alltaf auglýst fyrirfram, hægt er að kaupa kvöldmat og er það vel nýtt af unglingunum. Þegar Óðal lokar klukkan 21:00 kemur tómstundabíllinn og keyrir krakkana úr GBF heim.

Félagsmiðstöðin Gaukurinn: Er staðsett á Bifröst, hún er opin á miðvikudagskvöldum fyrir krakka í 8.-10. bekk.

Ungmennaráð Borgarbyggðar: Gaman að segja frá því að ungmennaráðið er orðið starfrækt aftur í Borgarbyggð, það eru tveir aðilar úr hverjum skóla í Borgarbyggð sem sitja í ungmennaráðinu, við reynum að hittast 1x í mánuði og fara yfir þau verkefni sem framundan eru, til dæmis núna er ungmennaráðið að vinna í að vera með ungmennaping fyrir ungmenni í Borgarbyggð. Búa til vettvang fyrir þennan hóp að koma saman og skiptast á hugmyndum hvernig þau sjá vissa hluti fyrir sér og/eða hvort þau vilja fá einhverju breytt í sveitarfélaginu okkar. Áætlað er að hafa ungmennapingið í maí 2017.

Við höldum utan um tvö sumarverkefni það eru vinnuskólinn fyrir 8.-10. bekk og Sumarfjör fyrir 1.-7. bekk.

Vinnuskólinn: Gekk mjög vel fyrir sig síðasta sumar, við vorum með krakka í vinnuskólanum á Bifröst, Kleppjárnsreykjum, Hvanneyri og Borgarnesi. Þar sem við náðum ekki að vera með flokkstjóra á hverjum stað fyrir sig þá fóru krakkarnir að vinna hjá fyrirtækjum og íþróttahúsinu á svæðinu á Bifröst og Kleppjárnsreykjum. Þeir sem voru á Hvanneyri unnu á leikjanámskeiðinu þar og voru starfsmenn Landbúnaðarháskólans verkstjórar fyrir vinnuskólanum á Hvanneyri. Við vorum með tvo flokkstjóra í Borgarnesi og voru þeir með sitthvorn flokkinn. Voru unglingarnir einnig að vinna í leikskólunum, leikjanámskeiðinu, íþróttahúsinu, golfvöllinum og Skallagrímssgarði. Enduðum síðan sumarið á góðri skemmtiferð til Akranes.

Sumarfjör: Við breyttum aðeins um fyrirkomulag á leikjanámskeiðinu fyrir 1.-4. bekk. Við vorum með tvær starfsstöðvar, Hvanneyri og Borgarnes. Þeir krakkar sem bjuggu á Bifröst, Varmalandi og Kleppjárnsreykjum og vildu skrá sig á leikjanámskeið voru sóttir og farið með á Hvanneyri og þeir síðan keyrðir heim að degi loknum. Við vorum mikið í því að reyna að þjappa hópnum saman krakkarnir á Hvanneyri voru duglegir að koma í Borgarnes og leigðum við síðan eitt skiptið stóra rútu og fóru krakkarnir úr Borgarnesi á Hvanneyri. Einnig fórum við í eina stóra ferð til Akranes þar sem við eyddum deginum saman. Sumarfjórið gekk rosalega vel og var almenn ánægja meðal foreldra og barna. Hver vika var þematengd t.d vísindavika, leiklist, listasmiðja, tilraunir og margt fleira, þannig hver og einn ætti að finna eitthvað fyrir sitt áhugasvið. Leikjanámskeiðið var í boði allt sumarið.

Sumarfjör fyrir 5.-7.: Við vorum með nokkur námskeið fyrir þennan aldurshóp, það var farið í sundferðir, boðið upp á smíðanámskeið, skátanámskeið og listasmiðju. Námskeiðin voru ágætlega sótt og er stefnan að gera enn betur og bjóða upp á meira fyrir þennan aldurshóp á komandi sumri.

Eins og þið sjáið er allt að fara uppávið þegar kemur að tómstundastarfi í Borgarbyggð, mikið af flottum verkefnum í gangi og verkefni sem eiga eftir að fara af stað. Borgarbyggð á hrós skilið að leggja þúður í að efla tómstundastarf í bæjarfélaginu með þessum framkvæmdum í Óðal, tómstundabílnum og svo frístundarstyrknum. Nú höldum við bara áfram á þessari braut og hjálpumst að því að gera enn betur. Hlakka til frekara samstarfs með ykkur!

Kveðja

Sigga Dóra

Tómstundafulltrúi.

Afreksmannasjóður UMSB

Afreksmannasjóður UMSB var stofnaður á 86.sambandsþingi UMSB, þann 13.mars 2008 og var stofnframlagði styrkur frá Orkuveitu Reykjavíkur að upphæð 500.000,-kr.

Tekjur sjóðsins er hlutfall af lottótekjum UMSB samkv. reglugerð, vaxtatekjur, og önnur framlög. Árið 2015 voru tekjur sjóðsins rúmlega 716.000,-kr. og er heimilt að úthluta 75% af tekjum sjóðsins sem eru þá rúmlega 537.000,-kr. sem voru til úthlutunar í mars 2016.

Stjórn sjóðsins var skipuð þeim Rósu Marinósdóttur, Írisi Grönfeldt og Kristmari Ólafssyni og sá stjórn sjóðsins alfarið um yfirferð umsókna og úthlutun úr sjóðnum.

Alls bárust 6 umsóknir frá einstaklingum í sjóðinn . Allir umsækjendur hlutu styrk.

Umsækjendum var skipt í tvo hópa annars vegar hlutu 2 einstaklinar sem eru í A landsliðum í sinni íþróttagrein hærri styrki en aðrir. Hins vegar fengu 4 umsækjendur sem öll eru framarlega í sínum aldursflokki styrk að sömu upphæð.

Eftirtaldir hlutu styrk í mars 2016 fyrir afrek sín á árinu 2015:

Arnar Smári Bjarnason, körfuknattleikur og frjálsíþróttir	60.000
Birgitta Björnsdóttir, dans	60.000
Bjarki Pétursson, golf	160.000
Daði Freyr Guðjónsson, dans	110.000
Helgi Guðjónsson, knattspyrna	60.000
Þorgeir Þorsteinsson, körfuknattleikur	60.000

Samtals var úthlutað 510.000 sem aðeins er undir heimild, en stjórn sjóðsins fór aðeins fram úr heimild á síðasta ári.

Tilnefningar til íþróttamanns Borgarfjarðar 2016 í stafrófsröð

Birgitta Dröfn Björnsdóttir fyrir dans

Birgitta Dröfn byrjaði að æfa dans 6 ára gömul með DÍB og hefur alltaf sótt æfningar af kappi og dugnaði. Hún dansar nú við Daníel Sverri Guðbjörnsson hjá dansfélagi Bíldshöfða í Reykjavík og leggur hún mikið á sig til að komast á æfingar 4-5 sinnum í viku í Reykjavík. Birgitta keppir í meistaraflokki unglunga og náði hún með dansfélaga sínum mjög góðum árangri í þeim mótum sem þau kepptu á innanlands, auk þess sem þau fóru á heimsmeistaramótið í Rúmeníu og landaliðakeppni í Blackpool þar sem þau stóðu sig mjög vel.

Daði Freyr Guðjónsson og Marta Carrasco fyrir dans

Daði og Marta hafa dansað saman síðan í febrúar 2015 og æfa nú hjá Dansfélaginu Hvönn. Þau berjast nú í toppsætunum á efsta getustigi í fullorðinsflokki á Íslandi. Þau voru í A-Landsliði fullorðinna á árinu, sóttu landsliðsæfingar og kepptu fyrir Íslands hönd á Evrópumeistaramóti í latín dönsum á Ítalíu og Heimsmeistaramóti í latín dönsum í Kína. Þau hafa keppt á fjölmörgum mótum innanlands, unnið til fjölmargra verðlauna og nú í nóvember sl. kepptu þau á opnu heimsmeistaramóti í 10 dönsum í Austurríki þar sem þau enduðu í 8. Sæti, en það er besti árangur sem Íslenskt þar hefur náð á því móti.

Flosi Ólafsson fyrir hestaíþróttir

Flosi hefur stundað hestamennsku frá blautu barnsbeini. Hann gekk í Hestamannafélagið Faxa 1998 og hefur síðan þá tekið þátt í fjölda móta undir merkjum félagsins. Flosi keppti á úrtökumóti fyrir LM og hafnaði í öðru sæti sem veitti honum keppnisrétt á Landsmóti hestamanna. Hann hafnaði í fyrsta sæti í T2 á Reykjavíkurmóti auk þess sem hann þjálfaði og sýndi efsta 5 vetra stóðhest á LM en hann er úr eigin ræktun og er það einstakur árangur hjá svo ungum knapa.

Guðmunda Ólöf Jónasdóttir (Mumma Lóa) fyrir sund

Mumma Lóa hefur alla tíð verið viðloðandi sundíþróttina. Hún æfði sund og keppti sem unglingur á Ísafirði og þegar sundlaug var opnuð á Bolungarvík 1977 hafði hún forgöngu um stofnun sunddeildar UMFB. Árið 2011 var hún svo sæmd gullmerki Sundsambands Íslands.

Á árinu 2016 tók Mumma Lóa þátt í opna Íslandsmótinu í garpasundi þar sem hún sló í gegn og setti 4 Íslandsmet í sínum aldursflokki. Hún hélt þessu áfram á evrópumóti garpa í London þar sem hún stórbætti eldri Íslandsmet í 100m skriðsundi um tæpar 25 sekúndur og í 50m skriðsundi um rúmar 10 sekúndur.

Heiðar Árni Baldursson og Logi Sigurðsson fyrir bridge

Fyrir um fjórum árum fóru þeir félagar á námskeið í Bridge og hafa þeir í framhaldinu spilað og keppt fyrir Bridgefélag Borgarfjarðar en jafnframt verið undir handleiðslu þjálfara í Reykjavík. Heiðar og Logi urðu í 3. sæti á Opna Borgarfjarðarmótinu í tvímenning, þeir sigruðu Davíðsmótið sem haldið var í Dalabyggð síðastliðið vor og í júlí sl. kepptu þeir fyrir Íslands hönd, í flokki 21 til 25 ára, á 13. European Youth Pairs Championships sem haldið var í Lettlandi með ágætum árangri.

Helgi Guðjónsson fyrir knattspyrnu

Helgi er mjög fjöhlæfur íþróttamaður sem byrjaði að æfa hjá ungmennafélagi Reykdæla þegar hann var 5 ára og hefur verið í stöðugri framför síðan, en fram til ársins 2016 setti hann m.a. 59 Borgarfjarðarmet í sundi og frjálsum íþróttum. Helgi æfði og spilaði með meistaraflokki Fram í knattspyrnu árið 2016. Hann spilaði 12 leiki með liðinu á Íslandsmótinu og í Bikarkeppninni auk fjölmargra æfingaleikja. Í þessum leikjum skoraði hann 5 mörk fyrir meistaraflokk. Helgi var markahæstur með 2. flokki í Reykjavíkurmótinu 2016 og í síðustu 5 leikjum hjá 2. Flokki hefur hann skorað 10 mörk. Hann var valinn í U- 17 landsliðið sem spilaði í milliriðli á EM í Frakklandi, þar sem liðið var aðeins hársbreidd frá því að komast í lokakeppnina en Helgi var eini leikmaðurinn sem skoraði fyrir Ísland í þessari ferð.

Ingibjörg Rósa Jónsdóttir fyrir badminton

Inga Rósa byrjaði að æfa badminton 6 ára og hefur alla tíð æft og keppt með UMF Skallagrím, en auk þess hefur hún sótt æfingar á Akranes. Hún varð íslandsmeistari unglunga í tvenndarleik með Brynjari Má Ellertssyni ÍA og íslandsmeistari unglunga í tvíliðaleik með Andreu Nilsdóttur TBR. Inga Rósa keppti á fjölmörgum mótum innanlands þar sem hún var yfirleitt á verðlaunapalli auk þess sem hún tók þátt á sterku alþjóðlegu móti í danmörk usl. haust þar sem hún stóð sig mjög vel. Inga Rósa er í topp 5 í flestum greinum á styrkleikalista Badmintonsambandsins bæði í U17 og B-flokki.

Konráð Axel Gylfason fyrir hestaíþróttir

Konráð Axel var valinn til að taka þátt í Norðurlandamóti í hestaíþróttum fyrir Íslands hönd, þar sem hann náði ágætis árangri og var m.a. í 6.sæti í 250m skeiði, 8. sæti í fimmgangi og 9.sæti í 100m skeiði. Hann keppti einnig á fjölmörgum mótum innanlands með mjög góðum árangri, þar sem hann m.a. sigraði framhaldsskólamótið í hestaíþróttum, Sleipnismótið á Selfossi í fimmgangi og úrtökumót fyrir landsmót hestamanna í ungmennaflokki. Hann var svo í 3.sæti í fimmgangi bæði á Reykjavíkurmótinu og Íslandsmeistaramótinu í hestaíþróttum

Máni Hilmarsson fyrir hestaíþróttir

Máni Hilmarsson hefur verið félagi í Hmf. Skugga frá barnæsku og verið tengdur hestamennsku og hestum allt sitt líf. Máni hefur, frá því hann byrjaði að keppa í barnaflokki, strax og hann hafði aldur til, tekið stórstígum framförum í íþrótt sinni. Hann hefur hin seinni ár verið með mikið úrval keppnishrossa og verið duglegur að taka þátt í keppnum og oftast með góðum árangri, oftast en ekki í verðlaunasæti í viðkomandi grein. Hámarki ferils síns til þessa náði hann sl. sumar á Íslandsmóti yngri flokka er hann varð Íslandsmeistari í 5-gangi í ungmennaflokki en þar var keppt hart um hverja einustu kommu. Staða Mána á landsvísu er mjög sterk, en hann er nú í fremstu röð keppnismanna í 5-gangi ungmennaflokks.

Ríta Rún Kristjánsdóttir fyrir skotfimi

Ríta Rún hefur stundað æfingar með skotvest frá því hún hafði aldur til og hefur sýnt mikla hæfileika og framför á þeim stutta tíma sem hún hefur æft og er hún mikið efni í afrekskonu í skotíþróttinni. Helstu afrek Rítu á árinu 2016 eru þau að hún vann báðar keppnisgreinar sem skotfélagið stóð fyrir á Unglingalandsmóti UMFÍ, sem haldið var í Borgarnesi um síðastliðna veslunarmannahelgi.

Sigrún Sjöfn Ámundadóttir fyrir körfuknattleik

Sigrún byrjaði ung að æfa körfuknattleik með Skallagrím í Borgarnesi. Þegar í framhaldsskóla var komið þá flutti hún sig um set og lék með Haukum í Hafnarfirði og hefur síðan leikið með KR, Hamri, Grindavík og erlendum liðum en er nú komin heim í sitt uppeldisfélag Skallagrím. Sigrún er lykilleikmaður úrvalsdeildarliðs Skallagríms í körfuknattleik, liðið er í toppbaráttu og leiðir Sigrún liðið af miklum krafti og metnaði. Hún er drifandi liðsfélagi sem leggur allt í leikinn, æfir af miklum krafti og það skilar sér í þeim árangri sem raun ber vitni. Sigrún er með hæsta framlag íslenskra leikmanna í öllum tölfræðipáttum úrvalsdeildar kvenna sem KKÍ skráir á tímabilinu. Sigrún var í desember s.l. valinn í 5 manna úrvalslið Dominosdeildar kvenna þegar fyrri hluti keppnistímabilsins var gerður upp. Sigrún er einnig lykilleikmaður í landsliði Íslands og ber þar hæst stórleikur hennar í Laugardalshöll í sigri liðsins gegn Portúgal í evrópukeppni landsliða þar sem Sigrún var besti leikmaður vallarins og stigahæst í Íslenska landsliðinu.

Sigursteinn Ásgeirsson fyrir frjálsar íþróttir

Sigursteinn hóf snemma að æfa frjálsíþróttir á sumrin með Ungmennafélagi Stafholtstungna, en hann hefur síðan þá æft hjá þeim, Frjálsíþróttafélagi Borgarfjarðar og sótt æfingar á vegum SamVest samstarfshópsins. Sigursteinn keppti á mörgum mótum innanlands á árinu þar sem hann var yfirleitt á verðlaunapalli. Hápunkturinn á árinu var þó líklega sigurganga hans á Meistaramóti Íslands 15-22 ára, en þar gerði hann sér lítið fyrir og sigraði í öllum kastgreinum mótsins; kúluvarpi, spjótkesti, sleggjukasti og kringlukasti, og fór því heim með 4 Íslandsmeistara titla og stimplaði sig rækilega inn sem einn efnilegasti kastari landsins.

Sölvi G. Gylfason fyrir knattspyrnu

Sölvi hóf knattspyrnuferil sinn með yngri flokkum Skallagríms og var fljótt meðal efnilegustu leikmanna félagsins og lék fyrst með meistaraflokki félagsins 17 ára gamall árið 2005. Hann hefur síðan leikið með ÍA á Akranesi og BÍ í 1. Deild. Hann hefur leikið með Skallagrími síðan 2014 og er lykilmaður í meistaraflokki Skallagríms sem undanfarin tvö ár hefur verið hársbreidd frá því að tryggja sér sæti í úrslitakeppni 4. deildar og sumarið 2016 var liðið í baráttu um sæti í úrslitum allt fram í síðustu umferðir. Sölvi er tvímælalaust meðal betri leikmanna 4. deildar og eftir að hafa spilað með ágætum árangri í næstu efstu deild, hefur hann valið að snúa aftur í Skallagrím og vera þátttakandi í því uppbyggingarstarfi sem framundan er bæði sem leikmaður meistaraflokks og þjálfari yngir flokka félagsins.



Úrslit


- 5. sæti - Konráð Axel Gylfason
- 4. sæti – Flosi Ólafsson
- 3. sæti – Daði Freyr Guðjónsson og Marta Carrasco
- 2. sæti – Helgi Guðjónsson
- 1. sæti – Sigrún Sjöfn Ámundadóttir

Aðildarfélög UMSB

Félag	Fjöldi félagsmanna
UMF.Íslendingur	157
UMF.Dagrenning	58
UMF.Reykdælir	176
UMF.Stafholtstungna	182
UMF.Egill Skallagr.	49
UMF.Skallagrímur	1149
UMF. Björn Hítid.	64
HMF. Skuggi	287
HMF. Faxi	256
GK Borgarness	140
GK Glanni	77
GK Húsafells	18
GK. Skrifla	27
Dansíþróttafélag Borgarfjarðar	56
Ungmenna og íþróttaf. Hvalfjarðarsv.	65
Frjálsíþróttaf. Bgf.	32
Mótorsportfélag Borgarfjarðar	85
Skotfélag Vesturlands	104
Samtals	2982

Ársskýrslur aðildarfélaga

Dansípróttafélag Borgarfjarðar



Vegna minnkandi áhuga á keppnisdansi í héraði sendi félagið ekki keppendur á mót í eigin nafni, en tveir félagsmenn eru á venslasamningi hjá félögum á Reykjavíkursvæðinu, þar sem þau hafa tækifæri til að stunda sína íþrótt hjá bestu þjálfurum landsins við góðar aðstæður. Þetta eru þau Birgitta Dröfn Björnsdóttir og Daði Freyr Guðjónsson.

Birgitta dansaði hjá Dansfélaginu Bíldshöfða og hennar dansfélagi var Daníel Guðbjörnsson. Þau voru valin í A landslið unglunga og kepptu á HM í standarddönsum í Rúmeníu í júní. Einnig tóku þau þátt í Evrópumóti í Blackpool um páskana og Blackpool dansfestival viku seinna og stóðu sig með þrýði. Þau tóku þátt í öllum mótum sem haldin voru hér heima og voru ávallt í 2. til 4. sæti. Birgitta var tilnefnd í kjöri íþróttamanns Borgarfjarðar og fékk styrk úr afreksmannasjóði UMSB.

Daði dansaði hjá dansfélaginu Hvönn og hans dansfélagi er Marta Carrasco. Þau voru valin í A landslið fullorðinna og kepptu í júní á Em í latindönsum á Ítalíu, í september kepptu þau á HM í latin dönsum í Kína og í nóvember í HM í 10 dönsum í Austurríki, en þar var þeirra besti árangur ársins 8 sæti. Í lok maí kepptu þau á Blackpool dansfestival fyrir fullorðna og í október á Northen star í Finnlandi(5 sæti) þau tóku þátt í öllum mótum sem haldin voru hér heima og voru ávallt í 1 til 4 sæti.

Daði og Marta voru í þriðjasæti í kjöri íþróttamanns Borgarfjarðar og Daði fékk styrk úr afreksmannasjóði UMSB.

Borgfirðingurinn Arnar Þórsson sem dansaði við Rebekku Rós Ragnarsdóttur tók líka þátt í öllum keppnum hér heima og þeirra besti árangur var 5 sæti í tveimur keppnum. Þau fóru einnig á Copenhagen open í febrúar.

Á haustönn var DÍB með í starfsemi tómstundaskólans og var þátttakan ágæt, um 20 börn skemmtu sér vel og lærðu sitt lítið af hverju í dansi, en það var Daði Freyr Guðjónsson sem sá um þjálfun fyrir félagið

Fh. Dansípróttafélags Borgarfjarðar, Guðrún Þórðardóttir.

Frjálsíþróttafélag Borgarfjarðar

Eins og mörg síðustu ár hjá Frjálsíþróttafélaginu var árið stórt og viðburðaríkt sem hlýtur að þýða að félagið er enn í örum vexti og er nú orðið 5 ára gamalt. Fjöldi iðkenda hefur haldið áfram að aukast og nánast sprengt utan af sér á vetraræfingunum í íþróttahúsinu í Borgarnesi. Yngri aldurshópurinn þjálfar nú Steinþór Logi Arnarsson sem er úr Dölunum og stundar nám við Menntaskóla Borgarfjarðar. Eldri aldurshópurinn þjálfar Unnur Jónsdóttir eins og áður en þar sem sá æfingahópur er orðinn afar fjölmennur er Steinþór með á þeim æfingum sem aðstoðarþjálfari. Hópurinn fær einn æfingatíma í salnum á viku nú í vetur (2017-2017) en lengir æfinguna í litla þreksalnum í íþróttahúsinu. Þar er svo haldin auka æfing yfir vikuna sem er einskonar þrekæfing og eru þó nokkrir sem mæta á þær æfingar sem ekki mæta á tækniæfingar í salnum, sem er mjög ánægjulegt enda styrkir það félagsandann. Unnur var svo í sumar með útiæfingar á Hvanneyri, Borgarnesi og Varmalandi og voru þær allar vel sóttar.

Stóru stundirnar á árinu voru svo síðsumars, annarsvegar á Unglingalandsmóti UMFÍ og hinsvegar Íslandsmeistaramóti FRÍ.

Íslandsmeistaramót FRÍ var haldið í Kaplakrika í Hafnarfirði. Fjórir keppendur fóru frá Frjálsíþróttafélaginu og stóðu sig allir vel. Arnar Smári Bjarnason og Sigursteinn Ásgeirsson unnu til verðlauna á mótinu. Arnar Smári sigraði bæði 100 m hlaup og 200 m. hlaup og Sigursteinn gerði sér lítið fyrir og sigraði allar kastgreinarnar fjórar; kúluvarp, kringlukast, spjótkest og sleggjukast. Það kom því ekki mjög á óvart, en var mjög ánægjulegt eigi að síður þegar þeim félögum var boðin þátttaka í afrekshóp FRÍ nú rétt fyrir áramót.



Elvar Einarsson og Sigursteinn Ásgeirsson voru hér að ljúka harðri spjótkestkeppni á Íslandsmeistaramóti. Báðir stórbættu þeir sig, en Sigursteinn sigraði greinina og vann þar með sinn 4. Íslandsmeistaratitil.



Arnar Smári Bjarnason 16 ára tekur við gullverðlaunum fyrir 100 m. hlaup 16 – 17 ára pílta á Íslandsmeistaramóti.

Unglingalandsmót UMFÍ var án efa eitt af stærstu verkefnum félagsins frá stofnun þess en það tók að sér framkvæmd á frjálsíþróttakeppni mótsins. Í upphafi verkefnisins, strax eftir áramót 2016 var kallaður saman stór hópur fólks sem hafði komið að Unglingalandsmótinu 2010 og línur lagðar. Þegar nær dróg var svo mynduð einskonar nefnd um verkefnið sem samanstóð af Bjarna Þór Traustasyni, Rósu Marinós, Írisi Grönfeldt og Hrönn Jónsdóttur sem

skiptu með sér verkum fyrir mótið. Stærsta áskorun við verkefnið var án efa að láta afar þéttan tímaseðil ganga upp á litlum velli en félagið hafði völinn til afnota frá hádegi föstudag, laugardag og sunnudag en skemmst er frá því að segja að með samhentum átaki gríðarlega stórs hóps sjálfboðaliða sem starfaði á mótinu gekk vel að halda tímaseðli og mótið gekk eins og í lygasögu. Keppendur á mótinu voru um 560 talsins og sjálfboðaliðarnir um 90 manns en þar af höfðu rúmlega 20 manns klárað námskeið í dómgæslu og er því óhætt að segja að mótið hafi verið vel mannað.

Af iðkendafjölda, árangri krakkanna okkar og þeim ótrúlega mannauði sem stóð að vel heppnuðu Unglingalandsmóti erum við í Frjálsíþróttafélaginu óendanlega stolt og þökkum öllum sem hönd lögðu á plóg fyrir aðstoðina.



Hér má sjá hluta af þeim sjálfboðaliðum sem aðstoðuðu Frjálsíþróttafélagið á Unglingalandsmóti. Því miður náðist þeir ekki allir á mynd, en þessi mynd er tekin á sunnudagsmorgni, fyrir keppni á lokadeginum.

Golfklúbbur Borgarness

Í stjórn klúbbsins:

Formaður	Ingvi Árnason
Varaformaður	Björgvin Óskar Bjarnason
Ritari	Guðmundur Daníelsson
Gjaldkeri	Margrét Guðnadóttir
Meðstjórnandi	Jón J Haraldsson

Inngangur

Að baki er 43. starfsár klúbbsins og annað árið í fjárhagslegri endurskipulagningu klúbbsins sem ráðist var í haustið 2014. Því fylgdi mikið aðhald í öllum rekstri, lappað var upp á vélarnar okkar enn eitt árið og vonast til að þær gengju út árið. Starfsmannafjöldi var í

lágmarki og almennt aðhald í öllum rekstri. Og enn og aftur eru það starfsmenn okkar og sjálfboðaðaliðar í klúbbum sem gera þetta mögulegt með dugnaði og fórnfýsi. Það sem hjálpaði okkur mikið í þessari stöðu var veðrið. Blíðskaprar veður var nær allt sumarið. Veður sem var eins og sníðið fyrir golfvelli og gróður. Líklega var þetta eitt besta sumar í sögu klúbbsins.

Rekstur golfklúbbsins

Í aðgerðaráætlun klúbbsins um fjárhagslega endurskipulagningu var gert ráð fyrir 14,6 m.kr lækkun rekstartekna frá fyrra ári. Þar vegur þyngst fyrirframgreiddir styrkir frá Borgarbyggð sem greiddir voru á árinu 2015 vegna uppgjörs við Arionbanka, þeir nýttust því ekki til að styðja við reksturinn á árinu 2016 eins og þeim var ætlað í upphafi. Gert var ráð fyrir að reksturinn skilaði um 1,0 m.kr rekstarafgangi. Í fjárhagsáætlun 2016 var gert ráð fyrir að rekstargjöld lækkuðu um 18,8 m.kr frá fyrra ári. Þar var um að ræða uppgjör á skuldum við bankann og aðra aðila.

Tekjur voru áætlaðar 31.8 m.kr og gjöld 30.8 m.kr. Það gekk nær eftir og er niðurstaða ársreiknings jákvæður um 1,0 m.kr eins og stefnt var að. Gerð verður nánari grein fyrir ársreikningi klúbbsins hér á eftir.

Það er í reynd kraftaverk að reka þennan 18 holu golfvöll á svo lágum gjöldum. Ef flett er upp í ársreikningum annarra sambærilegra klúbba eru tölur tvöfalt hærri.

En við þurfum að búa okkur undir að bæta reksturinn enn frekar. Það verður fyrst og fremst gert með því að fjárfesta í tækjum og endurbótum á vallarsvæðinu. Vallarsvæðið allt þarf að verða véltækt og vélarnar þannig að þær ráði vel við verkefnin. Marmið okkar er að völlurinn verði spilvænlegur fyrir alla og ásynd þannig að eftir sé tekið.

Framkvæmdir, völlurinn.

Í byrjun árs var gerð breyting á 8. braut. Tilurð þessara breytinga var viðbygging við Hótel Hamar þar sem bætt var við suðurálmú hótelsins. Við það voru gestir í hættu sem gjarna sitja úti við herbergi sín og njóta veðurlíðunnar og útsýnisins.

Teigar voru fluttir til austurs og brautin stýttist út 175 m í 140 m af gulum og af rauðum úr 152 m í 100 m. Við breytinguna opnast sýn yfir flötina sem er til bóta. Almennt er ánægja með breytinguna. Breytingin var kostuð af Hótel Hamar.

Völlurinn var í topp standi í allt sumar. Unnið var áfram með það markmið að leiðarljósi að gera völlinn spilavænlegan fyrir alla kylfinga, karginn hóflega hár og brautir slegnar að flatarkanti. Flatirnar voru „geðveikar“ eins og einn gesturinn orðaði það. Þétt og gott gras á flest öllum flötum sem tók vel við boltum. Sáust oft glæsileg „bakspuna viðbrögð“ í boltum. Góð spretta var í allt sumar og trén tóku mikinn vaxtarkipp. Veður og allar aðstæður til golfiðkunar voru með besta móti. Óvenju lygnt var í sumar og úrkoma hæfileg til að halda gróðri við. Kylfingar voru mjög ánægðir með völlinn og allt umhverfi. Hamarsvöllur hefur getið sér gott orð meðal kylfinga m.a. fyrir góðar flatir og síðast en ekki síst fyrir trjágróður sem gerir völlinn að eina raunverlega „skógarvelli“ landsins.

Starfsmannamál

Jóhannes framkvæmdastjóri var áfram með vallarumsjón og stýrði öllu útivið strax á vordögum og vann þar á fullu eins og aðrir vallarstafsmenn. Hann á heiðurinn af því hvernig völlurinn er, enda setur hann sinn metnað í að hafa völlinn í topp standi.

Samtals voru 7 launaðir starfsmenn að störfum í sumar: Jóhannes Ámannsson, Guðjón Freyr, Sergio Arnú, Andrés Kristjánsson, Arnar Smári Bjarnason, Eggert Örn Sigurðsson, Þórhallur Teitsson, Bergsveinn Símonarson og Ásamundur Guðmundsson. Einnig kom að vinnu á völlum starfsmenn frá unglingavinnu bæjarins.

Sjálfbæðið og hlutastarfsmenn voru einnig að stöfum hjá okkur. Björgvin Óskar Bjarnason var áfram fulltrúi Jóhannesar á skrifstofunni og sinnti daglegum stöfum framkvæmdastjóra ásamt því að vera mótstjóri klúbbsins eins og undanfarin ár. Bergsveinn Símonarson var að vinna ýmis störf á útisvæðum. Þórhallur Teitsson var á fullu í vallahirðingu og slætti. Ebba var á sínum stað, að grísa, kurla, planta, skreyta og fegra.

Þessum starfsmönnum, bæði launuðum og ólaunuðum, vil ég færa bestu þakkir fyrir vel unnin störf. Sérstakar þakkir vil ég færa Jóhannesi fyrir framlag hans. Að reka golfklúbb með 18. holu golfvöll, golfvöll sem er með þeim bestu í landinu fyrir 30 m.kr á ári er kraftaverk. Sem lið í fjárhagslegri endurskipulagningu klúbbsins á sínum tíma, bauðst Jóhannes til þess að sjá um að koma rekstarkostnaði klúbbsins niður á meðan við vinnum úr okkar fjárhagsvanda. Við það hefur hann staðið.

Mótahald

Skráð mót á Hamarsvelli sumarið 2016 voru 39. Þar með eru talin mót annarra aðila (hópa/fyrirtækja) en GB. Á vegum klúbbsins voru haldin 18 innanfélagsmót og 5 almenn opin mót. Tekjur af mótahaldi hækkuðu á milli ára úr 4,0 m.kr í 4,3 m.kr. Klúbburinn sá um golfkeppni Unglingalandsmóts UMFÍ sem haldið var í Borgarnesi. Ekki voru nein GSÍ mót hjá okkur þetta ár.

Fjöldi félaga - vallartekjur

Félögum klúbbsins fjölgaði um 27 frá fyrra ári, eru nú 174. Tekjur af vallargjöldum hækkuðu um 2,1 m.kr og eru nú 15,1 m.kr. Vallar- og mótagjöld eru nú að jafngildi um 290 félaga á fullu gjaldi. Haft er sem viðmið við rekstur 18 holu golfvalla að 400 félaga þurfi til að standa undir rekstrinum, eða jafngildi þeirra í seldum vallar- og mótagjöldum. Við erum nú með 464 „félagaígildi“ samkvæmt þessari reglu.

Árangur félaga GB á árinu

Stefán Rafn Stefánsson og Fjóla Pétursdóttir urðu klúbbmeirarar árið 2016. Bjarki Pétursson, okkar besti kylfingur var við keppni og æfingar Þýskalandi í sumar en kom hingað heim og tók þátt í Íslandsmótinu í höggleik og var í toppbaráttunni, lenti í 3 sæti.

Sveitakeppni GSÍ fór fram í ágúst. Þrjár sveitir tóku þátt í keppninni í ár.

Sveit karla keppti í 1. deild sem fram fór hjá GR, á Korpúlfsstaðavelli dagana 24.-26. júní.

Sveitin stóð í ströngu á móti mjög sterkum liðum og lenti í 7 sæti og leikur í 2. deild að ári.

Sveit öldunga í karlaflokki keppti í 2. deild sem fram fór á Kiðjabergi dagana 12-14. ágúst. Sveitin hafnaði í 6. sæti og leikur áfram í 2. deild.
Kvennasveit öldunga keppti í 2. deild sem fram fór í Öndverðanesi dagana 12-14. ágúst. Sveitin hafnaði í 5. sæti og leikur áfram í 2. deild.

Golfkennsla

Golfkennari klúbbsins Kristvin Bjarnason PGA kennari annaðist kennslu unglunga og einnig einkakennslu. Við þökkum Kristvini fyrir góð störf.

Inniaðstaða

„Eyjan Inniaðstaða“ var vel nýtt s.l. vetur. Pútt-mótaröðin var vel sótt af ungum sem öldnum, alls voru 21 púttmót haldin s.l. vetur. Golfhermirinn nýttist vel fyrir æfingar og leik og var bryddað upp á nýjungum og haldið golfmót í herminum sem tókst vel.

Samstarfsaðilar

Hótel Hamar hefur séð um rekstur Golfskálans fyrir okkur frá 2013. Þar hafa félagar og gestir notið veitinga yfir sumarið. Ragheiður Guðmundsdóttir og Sigurður Örn Sigurðsson stóðu vaktin í skálanum. Samstarf við Hótel Hamar hefur verið farsælt í gegnum árin, ekki bara hvað varðar rekstur skálans, heldur einnig fyrir okkur félagar GB hvað varðar viðburði í starfi klúbbsins, svo sem verðlauna- og lokahóf sumarsins. Hótel Hamar, eina „Golfhótel“ landsins hefur sett sinn svip á starfsemi klúbbsins. Hótelið hefur boðið kylfingum „Golfpakka“ þ.e. Golf, gistingu og mat með ýmsum afbrigðum. Horfum við fram á áframhaldandi aukningu „golfhótelgesta“ á komandi árum. Eigendur að Hótel Hamri eru Sigurður Ólafsson og Ragnheiður K. Nielsen. Við þökkum þeim ánægjulegt samstarf á liðnu ári.

Samskipti við aðra klúbba

Samningar við aðra klúbba eru í aðalatriðum tvískiptir. Í fyrsta lagi eru það samningar þar sem klúbbar kaupa aðgang fyrir félagsmenn sína að Hamarsvelli og hins vegar þar sem um er að ræða gagnkvæma samninga um afslátt á vallargjöldum.

Gagnkvæmir samningar um 50% afslátt af vallargjöldum eru eftirfarandi:

- Golfklúbbur Akureyrar (GA)
- Golfklúbbur Vestmannaeyja (GV)
- Golfklúbburinn Mostri (GMS)
- Golfklúbburinn Vestarr (GVG)
- Golfklúbburinn Jökull (GJÓ)
- Golfklúbbur Selfoss (GOS)

Samningar um kaup á vallargjöldum eru eftirfarandi:

- Golfklúbburinn Glanni (GGB) gegn greiðslu 2.000 kr
- Golfklúbbur Suðurnesja (GS) gegn greiðslu 2.500 kr
- Golfklúbbur Grindavíkur (GG) gegn greiðslu 2.500 kr

- Golfklúbburinn Setberg (GSE) gegn greiðslu 2.500 kr
- Golfklúbbur Mosfellsbæjar (GM) gegn greiðslu 2.500 kr
- Golfklúbburinn Geysir (GEY) gegn greiðslu 2.500 kr. (jún-sept)
- Golfklúbburinn Leynir (GL) gegn greiðslu 1.600 kr
- Golfklúbbur Kóp & Garðabæjar (GKG) fyrir klukkan 13:00.
- Golfklúbburinn Oddur(GO) fyrir klukkan 13:00.

Lokaorð

Í þessari skýrslu hefur verið stiklað á stóru um helstu atriði í starfsemi Golfklúbbs Borgarness. Gerð er grein fyrir starfi nefnda í sérstökum skýrslum sem lagðar eru fram hér á fundinum.

Þessa árs, sem er 43. starfsár okkar, verður minnst fyrir logn og blíðu. Frábært ástand vallarins okkar. Góða aðsókn gesta, gesta sem fóru ánægðir heim og munu að öllum líkindum koma aftur, nokkuð sem við þurfum að varðveita því að gestir eru okkar helsta tekjulynd. Grunnurinn að því að við getum haldið áfram að byggja upp og bæta þjónustuna er að afla tekna. Unnið er að því að markaðssetja Hamarsvöll meðal erlendra ferðamanna í samstarfi við „Golf Iceland“ og búa í haginns fyrir móttöku þeirra hér að Hamri og þar er m.a. að bjóða uppá „Miðnæturgolf“ sem er sérstakt fyrir Ísland. Einnig erum við í viðræðum við Borgarbyggð um aðkom þeirra að uppbyggingu hér á Hamri.

En á meðan við bíðum eftir auknum tekjum verðum við að gæta fyllsta aðhalds í rekstri klúbbsins og er það stefna okkar að byggja upp góða eiginfjárstöðu þannig að við ráðum við tímabundinn samdrátt í tekjum sem koma öðru hvoru, þ.e. blautu og köldu árin.

Huga þarf að endurnýjun á vélakosti klúbbsins sem er allur komin á aldur (7-10 ára). Um er að ræða fjárfestingu upp á 25 m.kr. Einnig þarf að huga að framkvæmdum á golfvöllinum, s.s. að þurrka upp blaut svæði, rækta upp óræktarsvæði sem munu gera völlurinn hagkvæmari í hirðingu og síðast en ekki síst bæta hann fyrir golfiðkendur.

Þverrandi félagsstarf hefur verið í umræðunni meðal félagamanna klúbbsins. Þessu þurfum við að huga að. Samsetning félaga í GB hefur verið að breytast á síðari árum. Í dag eru um helmingur félaga með lögheimili utan sveitarfélagsins. Það hefur áhrif á félagsstarf í klúbbum.

Nauðsynlegt er að fjölga félögum frá heimabyggð til að styrka félagsstafið.

Ég vil að lokum þakka stjórn, nefndum og öðrum félögum og velunnurum gott starf í þágu klúbbsins og samstarsaðilum öllum ánægjulegt samstarf.

F. h. stjórnar Golfklúbbs Borgarness

Ingví Arnason

Golfklúbburinn Glanni.

Golfvöllurinn var opnaður laugardaginn 14. maí og þann dag mættu nokkrir félagsmenn til að vinna þau verk sem þurfti að framkvæma áður en hægt væri að opna golfvöllinn. Tveir starfsmenn, nemendur á Bifröst, unnu á golfvöllinum í sumar, einn í fullu starfi á vellinum og hinn í hálfu starfi á vellinum og hann sá svo um reksturinn á golfskalanum.

Haldið var uppá tíu ára afmæli golfklúbbsins með opnu golfmóti í júlí. Þátttakendur voru rúmlega 30 og verðlaun veitt fyrir fyrsta til þriðja sæti. Í lok mótsins var boðið uppá grillaða hamborgara. Í lok sumars var haldið innanfélagsmót sem gekk vel en við hefðum viljað sjá fleiri félagsmenn.

Þó nokkrar fjárfestingar voru hjá okkur á síðasta sumri. Við seldum gamla flatarsláttuvél og keyptum nýlega handsláttuvél fyrir flatirnar og aðra nýja handsláttuvél fyrir teigana. Notaður pallbíll var svo keyptur síðla sumars sem á eftir að léttu okkur mikið vinnuna í náinni framtíð. Mótorinn í brautarvélinni okkar eyðilagðist og þurftum við að kaupa nýjan mótör sem við fengum frá Bretlandi. Við fengum verktaka til að slá brautirnar á meðan brautarvélin okkar var biluð en það tók rúman mánuð að koma brautarvélinni í gang aftur. Brynjar hjá Grastec aðstoðaði okkur eins og áður við að stjórna vinnu á vellinum og sjá um sérstök verk á vellinum. Hann tappagataði flatirnar í haust og síðan var meiningin að sanda flatirnar en það hefur ekki verið gert ennþá. Mikið og þarft verk var unnið við grísjun trjáa og nú þarf að kurla þetta efni og nota í stíga. Vegna góðrar tíðar í sumar þá var völlurinn í góðu standi og kal á flötum náði að gróa vel.

Á síðasta ári sóttu golfklúbburinn og landeigendur á Hreðavatni um styrk hjá Borgarbyggð sem sá sér ekki fært að styrkja reksturinn á salerni við golfskálann. Því var ákveðið að hafa salernið lokað en það kom sér illa fyrir golfara og aðra eftir daglegan opnunartíma á golfskalanum. Því miður varð þetta til þess að mjög slæm umgengni var við völlinn, mikið bar á notuðum salernispappír. Nú erum við komin aftur í viðræður við Borgarbyggð um þessi salernismál og vonandi kemur eitthvað út úr þeim viðræðum fyrir sumarið.

Aðalfundur var haldin í nóvember. Stjórnin var endurkjörin, Snorri Þórðarson formaður, Garðar Hilmarsson varaformaður, Viðar Þorsteinsson gjaldkeri, Jónas Hallgrímsson ritari, Kolbeinn Pálsson meðstjórnandi og Jón Freyr Jóhannsson varamaður. Svipaður fjöldi félagsmanna var á síðasta ári og aðsókn á völlinn var svipuð eins og áður. Afkoma golfklúbbsins var réttu megin við núllið en það má mikið þakka allri þeirri sjálfboðavinnu sem unnin er af stjórnarmönnum. Rekstur golfklúbbsins myndi ekki ganga svona vel nema með sjálfboðavinnu stjórnarmanna og félagsmanna.

Nú erum við í stjórninni komnir á fullt með undirbúning fyrir næstu vertíð. Búið er að ráða einn starfsmann á völlinn og svo ætla einn stjórnarmaður að vera í hlutastarfi. Vonandi verður hægt að opna völlinn snemma í maí. Eins og tíðin hefur verið í vetur og ef ekkert kuldakast verður í vor ætti að takast að opna völlinn snemma. Við vonumst svo til að sjá sem flesta golfara á Glanna í sumar.

Hestamannafélagið Faxi

Starf hestamannafélagsins Faxes síðastliðið starfsár var með nokkuð hefðbundnu sniði.

Starfið hófst með KB mótaröðinni og gekk hún vel og er orðin ein af föstum viðburðum vetrarins.

Knapamerkjanámskeið voru haldin í samstarfi við Grunnskóla Borgarfjarðar bæði í Kleppjárnsreykja og Varmalandsdeild. Haukur og Randi á Skáney sáu um kennslu og umsjón með þessum námskeiðum og unnu þar mjög gott starf. Þeir krakkar sem ekki gátu útvegað sér hesta sjálf fengu lánuð hross á Skáney. Námskeiðin voru vel sótt og vonandi verður áframhald á þessu samstarfi.

Íþrótt- og gæðingamót Faxes og úrtökumót fyrir Landsmót voru haldin í maí og júní. Þau voru haldin í samstarfi við hestamannafélagið Skugga og gengu vel.

Landsmót var haldið á Hólum í Hjaltadal þetta árið. Því miður tókst Faxa ekki að manna alla flokka í yngri deildunum. Á heildina litið var þó árangur Faxafélaga góður og mega Vestlendingar allir vel við una með árangur á mótinu.

Firmakeppni Faxes var haldin á Stóra-Kroppi í ágúst. Hún var afar vel sótt í afskaplega góðu veðri. Þátttaka í keppninni var góð. Hátíðin endaði svo með grilli og góðri stemningu. Hafi staðarhaldarar kærar þakkir fyrir aðstöðuna.

LH þing var haldið í Stykkishólmi þetta árið. Þingið var átakalítið og gekk vel fyrir sig. Faxi sendi þangað 4 fulltrúa Kolbein, Írisi, Hauk og Heiðu Dís.

Fjórðungsmót Vesturlands verður haldið í Borgarnesi næsta sumar. Mótið er haldið í samstarfi hestamannafélaganna á Vesturlandi þar sem öll félög eiga sína fulltrúa í framkvæmdanefnd. Hvert félag tilnefnir 2 félaga í nefndina nema Skuggi sem mun eiga 3 fulltrúa. Haukur á Skáney og Berglind á Laugavöllum sitja í nefndinni fyrir okkar hönd.

Hestamannafélagið Skuggi

Stofnað 01. Janúar 1990

Félagar: 286

Stjórn félagsins, kosin á aðalfundi Skugga þann 06. desember 2016:

Stefán Logi Haraldsson, form.	stefan@limtrevirnet.is
Reynir Magnússon, varaform.	reynir@loftorka.is
Kristján Þ. Gíslason, ritari	kristgis@simnet.is
Svanhildur Svansdóttir, gjaldkeri	svany@postbox.is
Sigurþór Óskar Ágústsson, meðstj.	austurholt3@simnet.is

Varastjórn: Sigríður Jóna Sigurðardóttir	hraunholt@simnet.is
Auður Ásta Þorsteinsdóttir	dila@simnet.is
Erla Rún Rúnarsdóttir	erlarun91@gmail.com

Skýrsla stjórnar 2016.

Stjórn félagsins á starfsárinu 2016, sem kosin var á aðalfundi Skugga þann 26. nóvember 2015 var þannig skipuð:

Stefán Logi Haraldsson, form., Reynir Magnússon, varaform., Kristján Þ. Gíslason, ritari, Svanhildur Björk Svansdóttir, gjaldkeri og Sigurþór Óskar Ágústsson, meðstj. Varastjórn skipuðu þær: Sigríður Jóna Sigurðardóttir, Auður Ásta Þorsteinsdóttir og Erla Rún Rúnarsdóttir, en varastjórn hefur einnig verið boðuð til allra funda stjórnar.

Stjórn Skugga hélt á starfsárinu 10 bókaða stjórnarfundi, auk fjölmargra óformlegra funda stjórnarmanna með nefndum félagsins og fulltrúum annarra hestamannafélaga á Vesturlandi, starfsmönnum sveitarfélagsins og fleiri aðilum er tengjast starfseminni. Þá hafa formaður og aðrir stjórnarmenn sótt formannafundi og sambandsþing hjá UMSB. Formaður og gjaldkeri sóttu formannafund hjá LH, s.l. haust og síðan voru fjórir fulltrúar frá Skugga sem sóttu landsþing LH, í Stykkishólmi í október s.l. Þá var formaðurinn fulltrúi félagsins á aðalfundum í hlutafélagunum Reiðhöllin Vindás ehf. og Selás ehf.

Stjórnin hóf starfsár sitt, að venju, á að fara yfir áherslur fyrir starfið framundan og að vanda var byrjað á því að skipta nefndum félagsins niður á ábyrgðarsvið stjórnarmanna, en þar er markmiðið að hver stjórnarmaður beri ábyrgð á að starf viðkomandi nefnda sé virkjað og þá um leið að viðkomandi stjórnarmaður sé tengiliður stjórnar við þá nefnd. Þetta er liður í að dreifa starfinu í stjórninni og reyna að tengja sem best starf stjórnar við nefndir og starfsemina almennt í félaginu. Þetta kerfi, sem við höfum viðhaft um nokkurra ára skeið finnst okkur gefast nokkuð vel til virkni nefnda.

Starfsemi í nefndum var, eins og gjarnan verður, mismikil á starfsárinu og sumar nefndir félagsins hafa lítið látið til sín taka á árinu á meðan aðrar nefndir félagsins hafa haft í miklu að snúast og drifið áfram öflugt og gott starf í félaginu. Það ætti ávallt að vera áskorun okkar fyrir komandi starfsár að gera betur en áður og reyna á allan hátt að virkja fleiri félaga til starfa. Það mun verða vikið betur að starfi einstakra nefnda í skýrslunni hér á eftir.

Upplýsingagjöf til félagsmanna um viðburði og starfsemina hefur sem fyrr að mestu farið fram í fréttum á heimasíðu félagsins, fésbókarsíðu félagsins og með fjölpósti á netfangalista félagsins.

Heimasíðan okkar er enn mjög þýðingamikill miðill til að hafa samskipti við félagsmenn og aðra sem vilja fylgjast með starfi okkar en þó má segja að þessi miðlun sé í æ ríkari mæli að færast yfir á aðra samfélagsmiðla, eins og t.d. Facebook (fésbókina).

Mótahald var fyrirferðamest í öllu starfi félagsins á starfsárinu, þetta var eitt allsherjar mótaár og reyndi verulega á mótanefnd félagsins og ekki á neinn hallað þó sagt sé að Kristján Þ. Gíslason, formaður mótanefndar hafi verið algjör ofurmaður í öllu starfi við mótahaldið. Veturinn var bara forsmekkurinn á það sem síðar kom, en þá voru haldin hefbundin þrjú KB-mót, í samstarfi við Hmf. Faxe (þar sem Kaupfélag Borgfirðinga styrkir mótahaldið myndarlega) og rann allur ágóði af því mótahaldi til rekstrarfélags reiðhallarinnar, Selás ehf. Síðan þegar kom fram á sumarið tók hvert mótið við af öðru, firmamót Skugga, íþróttamót Skugga og Faxe, gæðingamót Skugga og Faxe, úrtaka félaganna á Vesturlandi – fyrir landsmótið á Hólum, íslandsmót yngri flokka hér í Borgarnesi, hestaíþróttamót á unglingalandsmóti hér í Borgarnesi og síðast Bikarmót Vesturlands, sem einnig var haldið hér í Borgarnesi. Hmf. Skuggi sendi að sjálfsögðu fullskipaðan hóp á landsmótið á Hólum og var frammistaða okkar þátttakenda með ágætum. Þá sigruðum við í Skugga Bikarmót Vesturlands með talsverðum yfirburðum.

Íþróttamót okkar og Faxe var styrkt sérstaklega af Arionbanka, sem gerði það í raun kleift að skila því móti með góðum hagnaði og kunnum við Arionbanka bestu þakkar fyrir góðan stuðning. Hins vegar var gæðingamótið okkar ekki með sérstakan styrktaraðila, eins og í fyrra – en þátttakan í því var frekar dapur og afkoman verulega í mínus. Bikarmótið var hinsvegar vel lukkað, mikil þátttaka og ágætis afkoma á því móti. Sameiginlega úrtakan með félögunum á Vesturlandi skilaði einnig þokkalegri afkomu til allra aðildarfélaganna.

Íslandsmót yngri flokka, í hestaíþróttum, á vegum LH var haldið hér í Borgarnesi dagana 14.-17. júlí s.l. Var þar lagt fram gríðarlegt starf af hálfu félaga í Skugga og nutum við einnig góðrar aðstoðar frá nágrönnum okkar og vinum í Faxe, Glað og Dreyra sem lögð fram fjölda starfsmanna yfir mótsdagana. Framkvæmdanefnd var kosin fyrir mótið og skipaði hana átta félagar í Skugga, Stefán Logi Haraldsson, formaður nefndarinnar, Kristján Þ. Gíslason, Svanhildur Svansdóttir, Auður Ásta Þorsteinsdóttir, Marteinn Valdimarsson, Rósa Emilsdóttir, Sigurður Arilíusson og Jökull Helgason. Þessir aðilar lögðu allir mikla vinnu fram við undirbúning og framkvæmd mótsins, ásamt mörgum öðrum félögum sem stóðu sig frábærlega við framkvæmd og undirbúning mótsins. Vil ég hér með nota tækifærið og þakka af heilum hug öllum þeim sem lögðu fram ómælda og ómetanlega sjálfboðavinna við framkvæmd mótsins, sem varð fyrir vikið okkur í Hmf. Skugga til mikils sóma.



Sigrún Rós Helgadóttir, á Íslandsmóttinu í Borgarnesi
(Myndir: Svala Svavarsdóttir)



Þorgeir Ólafsson, á Íslandsmóttinu í Borgarnesi

Hápunktur Íslandsmótsins, fyrir okkur Skugga-félaga, var síðan þegar okkar maður Máni Hilmarsson varð Íslandsmeistari í fimmgangi ungmenna, sem var aldeilis frábær árangur og er Mána Hilmarssyni óskað innilega til hamingju með þennan frábæra árangur.



Máni Hilmarsson, Íslandsmeistari í fimmgangi ungmenna, á Íslandsmóttinu í Borgarnesi 2016.
(Myndir: Iðunn Silja Svansdóttir)

Íslandsmótið tók verulega á alla sem við það störfuðu og ekki laust við að margir sem þar stóðu vaktina sem lengst hafi hugsað að nú væri komið nóg af svona stóru mótahaldi í bili. Það er þó ekki hægt að segja annað en við Skugga-menn séum haldin ákveðinni sjálfspíningsrhvöt þar sem við höfum að sjálfsögðu sett stefnuna á að halda Fjórðungsmót Vesturlands hér í Borgarnesi á næsta sumri. Búið er að koma framkvæmdanefnd á laggirnar um það mót, þar sem öll félögin munu leggjast á eitt með framkvæmd þess móts, en við skulum vera alveg klár á því að það kemur til með að mæða mikið á okkur Skugga-félögum við það mótshald.

Æskulýðsnefndin stóð að vanda fyrir fjölbreyttu starfi á árinu og voru í byrjun starfsársins sett niður drög að starfinu framundan, þegar haldinn var pizzufundur með krökkunum, þar sem fengnar voru m.a. hugmyndir frá þeim. Í félaginu eru á milli 30 til 50 börn, unglingar og ungmenni, sem eru virk í starfinu og nýta það starf sem í boði er hjá félaginu. Bókleg kennsla í knapamerkinu hófst í október á síðasta ári í Grunnskólanum í Borgarnesi, en skólinn hefur

lengi átt gott samstarf við félagið um bóklega hluta námsins og geta unglingar í eldri bekkjunum t.d. tekið knapamerkið sem valfag. Síðasta vetur voru heldur færri þátttakendur í knapamerki barna og unglinga en mörg undanfarin ár. Fjórir nemendur tóku þátt í knapamerki nr. 1, fimm nemendur hófu nám í knapamerki nr. 3, en þrír af þeim nemendum heltust síðan úr lestinni. Þrír nemendur tóku síðan þátt í knapamerki nr. 4. Heiða Dís Fjeldsted sá um knapamerkin, svo sem áður og skilaði þar góðu starfi, að vanda. Keppnisnámskeið voru haldin í tengslum við vetrarmótin og síðan sumarmótin, en um þau námskeið sá Bjarki Þór Gunnarsson og fylgdi hann þeim eftir í keppnum sumarsins og á landsmótinu. Þá var haldið almennt reiðnámskeið fyrir byrjendur, minna og meira vana, á aldrinum 5-12 ára, sem Bjarki Þór sá einnig um. Mörg fleiri viðfangsefni voru skipulögð af Æskulýðsnefndinni, svo sem páskaeggjaleit um páskahelgina og Æskulýðsdagur Skugga (Vesturlands). Æskulýðsdagurinn var nú haldinn þriðja árið í röð hjá okkur í Skugga og var öllum hestamannafélögunum á Vesturlandi boðið að vera með, sem öll félögin þáðu þetta árið. Æskulýðsdagurinn var haldinn 21. maí, s.l., sem lokahnykkur á vetrarstarfið og tókst sá viðburður með miklum ágætum, var frábær í alla staði. Krakkarnir okkar voru síðan dugleg að taka þátt í mótum á starfsárinu og ekki annað að sjá en mikil gróska geti verið í okkar æskulýðsstarfi framundan, þó vissulega sjáist nú að þeir stóru árgangar sem haldið hafa keflinu svo vel á lofti undanfarin ár eru komnir uppúr þessu hefðbundna æskulýðsstarfi og mörg þeirra orðið fullorðnir þátttakendur í hestamennskunni og keppnum tengdum henni og ekki komið jafn stórir árgangar nú undanfarið.



Mynd frá páskaeggjaleit, á vegum Æskulýðsnefndar Skugga, í Faxaborg, um páskana 2016.

Beitarmálin hjá okkur í Skugga voru með svipuðu sniði og fyrri ár en ásókn í hagabeit var þó örlítið meiri í ár, með um 270 hross skráð í sumarbeiti, um 80 hross skráð í haustbeiti og um 80 hross skráð í heilsársbeiti. Beitarnefndin sá um úthlutun beitarhólfanna og umsjón með þeim, sem fyrr og gekk það nokkuð vel fyrir sig og vandamálalaust að útvega beit fyrir þau hross sem sótt var um fyrir.

Beitarnefndin hefur það hlutverk að sjá um að framfylgja leigusamningum okkar við Borgarbyggð og Holtslandið og uppfylla þau ákvæði sem þar er að finna, svo sem smölun á haustin o.þ.h.

Reiðveganefnd sá að vanda um að sækja um fjármagn til reiðvegagerðar og uppskáru á starfsárinu um 1.300 þúsund til félagsins af reiðvegaúthlutun Vegagerðarinnar og voru þeir fjármunir nýttir að fullu og rétt rúmlega það. Mikið starf er þó enn framundan í reiðvegagerð hjá okkur og væri það mjög kærkomið ef meira fjármagn væri til ráðstöfunar frá ríki og sveitafélagi. Reiðveganefndin var vel á verði með að úthlutun í fjórðunginn væri nýtt við síðustu áramót og tókst að fá viðbótarfjármagn við úthlutun okkar, vegna þess.

Umhverfisnefnd félagsins hafði veg og vanda af árlegum tiltektardegi í hesthúsahverfinu og var því miður lítil þátttaka í þeim degi af hálfu okkar félagsmanna og mættum við vissulega bæta þar um. Nefndin var auk þess að ýta við félögum að fjarlægja rusl af kerruplani og rúlluplani, einhver tiltekt varð á þeim svæðum í framhaldi af því. Umhverfismálin á félagssvæði okkar þurfa og ættu að vera stöðugt í huga okkar hestamanna og hesthúseigenda því svæðið okkar þarf að vera okkur til sóma sérstaklega núna þegar aukin starfsemi fer fram á svæðinu með hverju ári og má sérstaklega minna á Fjórðungsmótið sem verður áberandi viðburður á svæðinu næsta sumar.

Fræðslu- og kynbótanefnd félagsins var ný og breytt nefnd á þessu ári og kom inn með kraftmiklu og góðu starfi, undir metnaðarfullri forystu Önnu Berg. Haldið var reiðnámskeið fyrir fullorðna með Didda Bárðar, sem var vel sótt (11 skráðir) og frábærlega heppnað, farið var í hópferð á Stóðhestaveisluna 2016, sem haldin var í Sprett-höllinni og tókst sú ferð afar vel og þátttaka í henni mjög góð. Þá var haldið fræðsluerindi um tannhirðu hrossa, sem Sonja Línadal Þórisdóttir, gerði frábærlega og í framhaldinu eru líklega flest hrossin okkar búin að fara í tannheilbrigðis-skoðun, sem er virkilega þarft og ábyrgt. Haldin var hnakkakynning í reiðhöllinni, þar sem Benni Línadal auglýsti kynningu á Bennys-harmony hnökkunum sínum og mættu þar áhugasamir hestamenn og eitthvað tókst Benna að selja af hnökkum, í framhaldi af þessari góðu sölu-kynningu.

Þá stóð nefndin fyrir því að efnt var til Knapamerkis fyrir fullorðna, 1-2 og var þátttaka í því alveg mögnuð, en það tóku þátt í því 11 félagar og komust þeir allir í gegnum það með glæsibrag.

Ferðanefnd Skugga stóð að vanda fyrir fjöruferð í Rauðanesfjörur, um páskana og síðan var auglýst síðsumarferð í lok ágúst s.l., þar sem farið var að Seljalandi í Hörðudal og var þátttaka í þeirri ferð bara nokkuð góð og gistu 15 manns þar, með 72 hross í náttþaga. Þá stóð Ferðanefndin fyrir þremur fjölskyldureiðtúrum, í byrjun mars, apríl og maí og þó þátttaka hafi verið misjöfn þá var nefndin að sýna þarna mjög góða viðleitni til styttri ferða um helgar sem vonandi verður framhald á og þá aukin þátttaka okkar hestamanna í þeim viðburðum.

Firmanefnd sló öll fyrri met í söfnun áheita fyrir firmakeppni félagsins, sem haldin var 01. maí, s.l. Hugmyndir hafa verið á kreiki í stjórn félagsins að fara nú að brydda uppá einhverjum breytingum og skemmtilegheitum í þessari firmakeppni og breyta henni meira yfir í skemmtilega samveru og léttleika í stað þessa keppnisforms sem við höfum nú orðið þó nokkuð mikið af fyrir á öðrum vettvangi.

Skemmtinefnd Skugga skilaði flottu starfi á starfsárinu, bryddað var uppá ýmsum nýjungum, svo sem skötuveislu í félagsheimilinu á Þorláksmessukvöld, þorablót í félagsheimilinu, skemmtikvöld og margt fleira skemmtilegt.

Kaffinefnd félagsins stóð sig með miklum sóma og skilaði góðu starfi og góðum tekjum í ár, fleiri mót voru haldin, en á fyrra ári. Það eru oft langar vaktir sem nefndarmenn þurfa að standa og undirbúningur gjarnan töluverður fyrir mótsdagana, svo sem við bakstur og eldamennsku. Nefndarfélagar og aðrir velunnarar eiga mikið hrós skilið fyrir starfið í sumar.

Rafmagnsnefnd félagsins hafði heldur minni umsvif á árinu í viðhaldi og nýlögnum á félagssvæðinu heldur en oft áður. Búið var að skipuleggja töluverða vinnu við viðhald og endurbætur nú í haust, þegar formaður nefndarinnar slasaðist og því varð einhver frestun á þeim endurbótum. Rafmagnsnefndin hefur þó með höndum eftirlit með öllu rafmagni á svæðinu og þarf auk þess að sinna reglulegum álestrum og innheimtu rafmagnsgjalda. Næsta verkefni nefndarinnar verður að líkindum lýsing á reiðleiðinni frá hesthúsahverfinu yfir í reiðhöllina, við enda gamla hringvallarins og í gegnum skógargróðurinn norðan við reiðhöllina, sem fyrirhugað var að ráðast í á liðnu starfsári en ekki komst til framkvæmda – einnig er viðhald á núverandi lýsingu í hverfinu ávallt aðkallandi.

Vallarnefndin sá til þess að vellirnir væru klárir fyrir mót og í góðu standi, valta og sanda o.þ.h. ásamt umhirðu á vallarsvæðinu. Miklar endurbætur voru gerðar á hringgerðinu (tunnunni) og skipt var um mól í gerðinu ásamt því að dreyna gerðið og þurrka. Þá var mikið átak gert í endurnýjun á kerruplani, þar sem við nutum góðs af því að verktaki þurfti að losna við mikið magn af uppgreftri úr götum í bænum. Kerruplanið var stækkað mikið og sléttað vel úr og þjappað þar, þannig að okkur eru orðinn verulegur sómi af þessu fína kerruplani. Stöplar undan gamla dómpallinum, rétt sunnan við félagsheimilið voru hreinsaðir burtu, enda voru þeir bara slysagildra fyrir áhorfendur af yngri kynslóðinni. Einhverjar endurbætur voru síðan unnar frekar á rúlluplaninu og þar bætt aðeins í planið og sléttað.

Húsnefnd félagsheimilis hafði heldur hægara um sig en á fyrra ári, þar sem miklar endurbætur hafa verið gerðar og sést það vel í leigutekjum af félagsheimilinu að þessar glæsilegu endurbætur eru farnar að skila sér í meiri ásókn eftir útleigu á sal og eldhúsi. Húsnefndin hefur þó á þrjónunum áform um að láta ekki staðar numið við það sem gert hefur verið, heldur er meiningin að innan skamms tíma verði klárað að ganga frá húsinu að utan og draumurinn er síðan að ráðast í gerða á veglegum palli, við langhliðina að austan og ganga frá útgönguhurð úr salnum og út á pallinn.

Starfsemin í reiðhöllinni FAXABORG var með nokkuð hefðbundnu sniði á starfsárinu og mikil vinna var þar innt af hendi, m.a. af hálfu okkar fulltrúar í rekstrarfélaginu, Reyni Magg – sem var gjaldkeri hallarinnar, Jökli Helga, Hjálmfríði Jóhanns og Simba. Viðburðir voru nokkrir, eins og undanfarin ár, svo sem KB Mótáröðin og Meistaradeild Vesturlands, sem var ný mótáröð þeirra sem eru í okkar fremstu röð á Vesturlandi. Dansleikur var haldinn síðasta vetrardag og tóks með miklum ágætum. Því miður tókst þó ekki að koma á Vesturlandssýningu í höllinni, eins og undanfarin ár, þar sem áhugi á þátttöku var ekki til staðar hjá eigendum kynbóta- og glæsihrossa Vesturlands, að þessu sinni. Þá var haldin hin ört vaxandi Mýrareldahátíð í höllinni, s.l. vor og var þar allt kexfullt af fólki og vel heppnað í

alla staði, að sögn fróðra og viðstaddra aðila. Margt fleira mætti líklega tína til af viðburðum í höllinni og mikil traffík var þar yfirleitt um vetrartímann – en töluvert rólegra í sumar og haust, þó var höllin að sjálfsgöðu nýtt á íslandsmóti yngri flokka í sumar og eins yfir unglingalandsmótið, um verslunarmannahelgina. Eitt er rétt að tiltaka til viðbótar vegna starfseminnar í reiðhöllinni, en það er umgengnin í höllinni, við þurfum stöðugt að vera á verði með að ganga vel um höllina og minna stöðugt hvort annað á mikilvægi þess. Settar voru upp öryggismyndavélar nú í haust og vonandi verður tilkoma þeirra til að minna okkur á að ganga vel og þrífalega um þetta óviðjafnanlega mannvirki okkar.

Reiðhöllin Vindási ehf., félagið sem heldur utan um eignarhaldið á reiðhöllinni, er bæði skuldlaust og veðbandalaust og hefur félagið verið fjármagnað af leigugreiðslum frá Selás ehf., en rekstrarfélagið hefur, því miður, ekki ráðið við að greiða að fullu þá leigu sem reiknuð er, en er þó að greiða nóg til að eignarhaldsfélagið geti greitt sinn rekstrarkostnað sem er um 1,2 milljón á ári, til m.a. útgjalda við tryggingar og fasteigangjöld. Fyrir dyrum er enn að ganga frá rekstrarsamningi við sveitafélagið Borgarbyggð, eins og tíðkast um önnur íþróttamannavirki og hafa viðræður átt sér stað við sveitafélagið um þau mál og vonandi einhverra tíðinda að vænta fljótlega þar um.

Eitt sérverkefni langar mig að minnast á hér í lokin, en í lok mars, s.l., eða í dymbilvikunni fyrri páska, leituðu formaður LH, Lárus Ásmar og landsliðsainvaldurinn, Páll Bragi Hólmarsson, til okkar um að hýsa Afrekshóp LH, sem verið var að koma á laggirnar hjá þeim og er fyrir ungmenni til undirbúning fyrir landslið framtíðarinnar í hestaíþróttum. Tókum við á móti þessu 20 manna hóp og létum þeim í té aðstöðu í félagsheimilinu og í reiðhöllinni, í þrjá daga, ásamt því að útvega þeim kokk sem sá þeim fyrir fæði þessa dagana – sem þau greiddu að sjálfsgöðu fyrir. Aðstöðu okkar lögðum við þó fram endurgjaldlaust og var mikil ánægja með okkar móttökur hjá þátttakendum og landsliðsainvaldi. Fór meira að segja svo að hópurinn kom aftur mánuði síðar í mun styttri tíma þá.

Nú hef ég hlaupið yfir það helsta í starfinu hjá okkar í Skugga á liðnu starfsári og reynt að koma sem flestum atriðum að, en væntanlega hefur eitthvað gleymst, sem vert hefði verið að geta um. Starfsemi félagsins hefur verið mjög öflug og góð, á árinu, að mínu mati, þó vissulega megji mikið meira gerast í einhverjum málaflokkum okkar. Ég merki góðan samhug og vilja í félagsmönnum þegar rætt er um hin ýmsu verkefni sem vert væri að taka sér fyrir hendur í félaginu og það sýndi sig vel í mikla átaks-verkefninu okkar í sumar, við framkvæmd íslandsmóts yngri flokka fyrir LH. Okkur eru allir vegir færir ef við stöndum þétt saman og ef vilji félaganna er fyrir hendi. Sjálfboðaliðastarf eins og unnið er í þessu félagi er ekki alltaf sjálfgefið og sjálfsgætt, en það er alveg magnað að upplifa oft hvað í félaginu leynist oft mikill framtakskraftur, þegar við viljum virkja hann, það hafa dæmin sýnt okkur undanfarin ár. Stjórn félagsins hefur vissulega ákveðnar skyldur til frumkvæðis og að drífa starfið áfram, en ég hvet alla félagsmenn og kjörna nefndarmenn til að líta sífellt í eigin barm og spyrja sig; Hvað get ég gert til að koma þessu eða hinu í framkvæmd fyrir félagið okkar?

Ég vil að lokum þakka öllum félagsmönnum fyrir gott samstarf á árinu og þá vil ég þakka sérstaklega þeim fjölmörgu félagsmönnum sem starfað hafa í nefndum félagsins, eða sinnt öðrum verkefnum og óeigingjörnu sjálfboðastarfi fyrir félagið, á starfsárinu.

Vil ég því næst færa meðstjórnarmönnum mínum góðar þakkir fyrir frábært samstarf á árinu, en þau hafa að vanda verið öflug í samstarfi og lagt mikið að mörkum við starfið í félaginu okkar. Það hefur verið mér sannur heiður að vinna með þessu ágæta fólki sem setið hefur í stjórninni.

Hestamannafélagið Skuggi

Stefán Logi Haraldsson, formaður

Mótorsportfélag Borgarfjarðar

Þetta ár 2016 snerist nánast eingöngu um tvö atriði hjá MSB, annars vegar að berjast fyrir því að koma upp Motocross braut fyrir Unglingalandsmót í Borganesi um verslunarmannahelgina og svo því að halda Motocross keppni á því móti.

69 stofnfélagar Mótorsportfélags Borgarfjarðar ákváðu að drífa í stofnun þess félags 1. desember 2014, með það að fyrsta og aðalmarkmiði að halda uppi heiðri Borgarbyggðar og vera búnir að koma upp Motocrossbraut í nágrenni Borgarness fyrir Unglingalandsmót 2016.

Eftir endalausar tafir, seinar afgreiðslur, hræðslu við rakalaus mótmæli, og í raun ótal brot á stjórnsýslulögum, þá tókst stjórnsýslu Borgarbyggðar að tefja umsóknir okkar nægilega lengi til að okkur tækist ekki að koma upp braut fyrir ULM. Og erum við núna enn einu sinni settir í þá stöðu að vera sendir út í nýtt horn til að skoða þar hverjir vilja alls ekki sjá okkur í nágrenni við sig.

Ég, Bergur Þ. Jónsson, tók að mér veturinn 2016 fyrir hönd MSB að vera sérgreinastjóri ULM fyrir Motocross.

Það var því mikið keppikefli fyrir mig persónulega sem sérgreinastjóri og formaður MSB að koma upp braut hérna í Borganesi, og mögulega er ég bitrari en margir aðrir yfir þeim málum vegna verulega mikillar vinnu sem ég og stjórn MSB höfum lagt af mörkum vegna þess, án árangurs.

MSB er svo íþróttafélag innan UMSB og þar með UMFÍ og ÍSÍ, og notaði ég þetta tækifæri til að biðla til þeirra stjórna að tala okkar máli sem allra mest og hæst, og ýta þannig mögulega á að það verði tilbúin Motocrossbraut fyrir næsta ULM sem vonandi verður haldið einhvern tímann aftur í Borganesi.

Það varð sem sagt niðurstaðan að við urðum að semja við vini okkar á Akranesi um að fá að halda keppnina þar. Þeir samningar gengu hratt og vel, enda vel stutt við það sport af bæjaryfirvöldum á Akranesi og brautin því tekin vel í gegn og var allt hjá þeim í topp standi fyrir okkur laugardaginn 30. júlí. VÍFA hefur svo núna í haust veitt okkur í MSB góðan styrk til síðari uppbyggingar brautar og þökkum við þeim mikið fyrir það.

Ég fékk strax í vikunni fyrir ULM að heyra í samtali við móður tveggja tilvonandi keppenda í Motocross að það skemmdi verulega fyrir hennar sonum að þurfa að fara úr Borgarnesi til að keppa, því þeir voru báðir skráðir í knattspyrnu líka með liði sínu. Enda var það niðurstaðan að þeir mættu ekki í Motocross keppnina og heldur ekki nokkrir aðrir skráðir keppendur. Þetta er dæmi sem ég vissi um fyrir víst, en það voru 19 krakkar í heildina sem skráðu sig til keppni, en eingöngu 14 mættu til keppni. Það er að mínu mati því á hreinu að keppni á ULM sem haldin er svona langt í burtu frá meginsvæðinu verður verulega útundan, og það eykur bara verulega á þá skömm sem ég eigna þeirri stjórnsýslu sem á að þjóna okkur íbúum og þá sérstaklega börnum Borgarbyggðar.

Það er því niðurstaða mín að keppnisaðstaða svona langt í burt frá aðalkeppnissvæði ULM skemmi verulega fyrir þeirri grein sem í þeirri stöðu lendir.

Við byrjuðum daginn klukkan 11 á að skoða hjól keppenda. Og klukkan 12 hófst svo tímataka/æfingar hjá flokkunum, sem við sameinuðum úr fjórum í tvo, vegna fárra keppenda.

Guðmundur Sigurbergsson stjórnarmaður UMFÍ afhenti svo keppendum verðlaun um klukkan 15.00 og átti þá einungis eftir að ganga frá tímatökubúnaði og kveðja frábæra braut Skagamanna.

En svona keppni er að sjálfsögðu ekki hægt að halda án allra hinna sjálfbóðaliðanna, og þakka ég þeim innilega sem gáfu sér tíma um verslunarmannahelgina og hjálpuðu okkur að halda þessa keppni.

Allir aðilar/starfsfólk UMFÍ stóð sig með prýði gagnvart okkur í Motocross, og þakka ég þeim kærlega fyrir samstarfið.

Þar sem ég var svo heppinn í þessari frumraun minni í stjórnun Motocross keppni að fá leiðbeiningar frá forvera mínum Jakobi Guðmundssyni, frá því fyrir sex árum á Akranesi, og enn frekar vil ég þakka Hrafnkeli Sigtryggssyni formanni MSÍ og tímatökumanni okkar á ULM fyrir ómetanlega hjálp og tilsögn. Með þeirra og allra hinna hjálp gekk þetta bara nokkuð vel þó ég segi sjálfur frá.

En eins og áður segir þá vorum við flæmd í burtu af því umsóknarsvæði okkar sem við bundum mestar og síðustu vonir okkar við fyrir ULM, en verð ég hreinlega að minnast á stærsta hlutinn í þeim mótmælum sem var frá sóknarpresti okkar Borgnesinga. En við gefumst ekki upp í þetta skipti því öðruvísi en í fyrri tilraunum til uppbyggingar brautar þá er núna til þetta góða íþróttafélag okkar og vil ég biðja ykkur alla sem hafa örðu af áhuga á mótorsporti að halda baráttunni áfram þó ég verði ekki í forsvari lengur.

En ég verð aldrei fyrr en ég drepst nema símtal í burtu þó ég flytji úr Bgn.

Með þakklæti fyrir traustið og stuðninginn.

Bergur Þ. Jónsson, sérgreinastjóri og formaður MSB.

Skotfélag Vesturlands

Starf Skotfélags Vesturlands hefur verið með hefðbundnu sniði, á þessu fimmta starfs ári félagsins, aðalfundur var haldinn í apríl og þar var stjórn Skotvest endur kjörin, þar sem engin gaf kost á sér í nýja stjórn, en stjórnina skipa sem fyrr: Þórður Sigurðsson formaður, Ómar Jónsson ritari, Hilmir Valsson gjaldkeri og meðstjórnendur, Stefán Ólafsson og Kristján Vagn Pálsson.

Haldinn hafa verið fjölmörg mót á vegum félagsins bæði landsmót og svo innan félagsmót sem hafa verið ágætlega sótt. En okkar helsta verkefni á síðastliðnu ári var kepnni á unglinga landsmóti sem haldið var í Borgarnesi um verslunarmanna helgina, landsmót í loftgreinum sem haldin hafa verið í aðstöðu félagsins hafa sem fyrr verið haldin í samatarfi við Skotfélag Akraness og er gamana að geta þess að samstarf skotfélaganna á Akranesi og Skotvest er mjög gott og til mikillar fyrir myndar. Félagar Skotvest hafa einnig verið duglegir við að fara á skotmót hjá öðrum skotfélögum. Þá hefur það færst mjög í vöxt að hópar hafa verið að heimsækja félagið og fengið að prufa íþróttaskotfimi og er það að gefa ágætis tekjur fyrir félagið. Æfingar eru haldnar á mánudögum og fimmtudögum frá kl 20:00-22:00 og á laugardögum frá kl 10:00- 14:00 og eru allir hvattir til þess að koma í heimsókn og fá að prufa.

Helstu verkefni stjórnar eru að halda utan um starfsemina sem og að berjast fyrir að fá aðstöðu til skotæfinga utanhúss en þegar þetta er ritað hefur sveitarstjórn Borgarbyggðar ákveðið að halda áfram með það svæði sem um hefur verið rætt (landsvæði við Bjarnhóla) í deiliskipulag og fögnum við því. ATH. Þessar línur eru orðréttar frá starfsskýrslu 2015 þar sem Sveitarfélagið hefur nánast ekekt gert í okkar málum til að vinna að útisvæði fyrir félagið! Þá hafa stjórmarmenn mætt á þau þing og fundi sem haldnir hafa verið hjá UMSB og Skotsambandi Íslands.

Tekjuöflun.

Tekjuöflun félagsins var með svipuðu sniði og fyrri ár en helsta tekjuöflun félagsins er sem hér segir: skotfélagið hefur staðið fyrir skotprófum fyrir verðandi hreindýraskyttur eins fyrri ár, en prófin voru haldin í nágrenni Borgarness á landi sem félagið fékk tímabundið að láni og skiluðu prófin tekjum fyrir félagið. Þá hefur félagið séð um verklegan hluta skotvopnanámskeiðs á vegum Umhverfistofnunar en aðaltekjur félagsins eru í formi félagsgjalda félaga þá er félagið einnig að fá tekjur af innanhúsaðstöðunni í Brákarey. Þess ber að geta að félagið fékk einnig tekjur af Unglingalandsmótinu.

Aðstaða.

Aðstaða Skotfélags Vesturlands er í Brákarey (gamla sláturhúsinu) og er ein glæsilegasta inni aðstaða á landinu. Eins og áður sagði er stöðug barátta af hálfu félagsins að fá útiaðstöðu en með tilkomu slíkrar aðstöðu myndi Skotfélag Vesturlands verða eitt öflugasta skotfélag á landinu og myndi auka möguleika og fjölbreytileika til íþróttaiðkunnar í sveitarfélaginu Borgarbyggð til mikilla muna.

Fyrir hönd stjórnar,
Þórður Sigurðsson

Ungmennafélagið Björn Hítðælakappi

Í ungmennafélaginu Birni Hítðælakappa eru 62 félagsmenn.

Félagið stóð fyrir páskabingói í Lyngbrekku 21. mars í samstarfi við umf. Egil Skallagrímsson. Það sem safnaðist var notaði upp í kaup á skjávarpa sem settur var upp í Lyngbrekku.

Í sumar fóru félagsmenn stórir sem smáir í það verkefni að hreinsa rusl í kringum sorpurðunarstaðinn í Fíflholtum. Góð mæting var og eftir skemmtilegan dag bauð Sorpurðun Vesturlands upp á veitingar.

Félagið bauð upp á fría súpu í Hítardalsrétt.

Ungmennafélagið Íslendingur



Aðalfundur ungmennafélagsins var haldinn 10. mars í Bútækni húsi á Hvanneyri þar sem kjörin var ný stjórn. Lena Johanna Reiher tók við formennsku, Álfheiður Sverrisdóttir var kosin gjaldkeri og Oddný Kristín Guðmundsdóttir var kosin ritari.

Stjórnarfundir voru fjórir á árinu og fjölmörg samskipti stjórnamanna hafa farið fram í gegnum netmiðla. Eitt fréttabréf („Ljósberinn“) hefur verið sent með pósti inn á öll heimili á félagssvæðinu og facebooksíða félagsins var notuð til að miðla upplýsingum til félaga. Stjórnin hefur haldið samtals fjóra fundi með nefndum og rætt um verkefni og starfsemi félagsins.

Leiklistarnámskeið

Leiklistarnámskeið var haldið í apríl í þróttahúsinu á Hvanneyri fyrir krakka í 1.-4. bekk. Þátttakan var mjög góð og kennari var Halldóra Guðjónsdóttir, leiklistarkona.

Æfingar sumarsins

Knattspyrnuæfingar fyrir börn, Aðalheiður Kristjánsdóttir var þjálfari.

Sundnámskeið í Hreppslaug fyrir árganga 2010 og 2011, 20. til 28. júní, Sólrún Halla Bjarnadóttir var þjálfari.

Sundæfingar í Hreppslaug fyrir árganga 2000-2009 einnu sinni í viku allt sumarið, Helga J. Svavarsdóttir, Sigurður Guðmundsson og Sólrún Halla Bjarnadóttir voru þjálfarar.

Frjálsíþróttæfingar fyrir börn, Unnur Jónsdóttir var þjálfari.

Fullorðnir hafa hist í fótbolta á Sverrisvelli einu sinni í viku allt sumarið.

Hreppslaug

Miklar framkvæmdir fóru fram í Hreppslaug þetta vorið en styrkur frá Minjastofnun var nýttur til að lagfæra og mála sundlaugin. Umhverfi laugarinnar var lagað og bætt í leiðinni af félagsmönnum og útkoman er glæsileg. Laugin var opin 17. júní til 14. ágúst og gekk rekstur laugarinnar vel.

Jónsmessuhátíð

Jónsmessuhátíð var haldin í 50. sinn á Mannamótsflöt 22. júní. Þessi hátíðarhöld hafa fastan sess í starfi félagsins og þátttakan er góð á hverju ári. Farið er í leiki eins og reiptog, hlaupið í skarðið og spretthlaup. Vesturlandsskógar gáfu félaginu tré handa nýjum félögum en þeir eru formlega boðnir velkomnir á Jónsmessuhátíð. Lítil brenna og grillaðar pylsur eru til að fullkomna þessa samkomu.

17. júní hátíð

Félagið hefur staðið fyrir 17. júní hátíðarhöldum á Hvanneyri síðan 2006. Lagt er af stað kl.11:00 frá Sverrisvelli og gengið út í skjólbeltin með fána þar sem farið er í leiki. Stórt grill er á staðnum sem gestir geta nýtt sér. Eins og vanalega var mætingin góð og í ár var sýndur dans og einnig var söngatriði grunnskólanema Hvanneyrardeildar GBF undir stjórn Evu Margrétar Eiríksdóttir.

Hreppslaugarhlaup

Hreppslaugarhlaupið var haldið í fjórða sinn í Skorradal. 94 hlauparar tóku þátt og boðið var upp á súpu og frían aðgang í Hreppslaug að hlaupi loknu.

Sverrismót

Sverrismótið í knattspyrnu var haldið í sjötta sinn á Hvanneyri 4. september 2016. Mótið er haldið til minningar um Sverri Heiðar Júlíusson knattspyrnuþjálfara og Hvanneyring. Ágóðinn sem safnaðist verður notaður til uppbyggingar á Sverrisvelli og til áhaldakaupa. Fjöldi liða tók þátt, en á Sverrismóti er aðalatriðið að skemmta sér og hafa gaman.

Dósasöfnun / Svartakusa

Dósasöfnun hefur farið fram reglulega og með góðum árangri til fjáröflunar. Í ár hefur félagið fengið dósasöfnunarkú til að auðvelda þetta starf og er hún smíðuð og hönnuð af Guðmundi Hallgrímssyni með aðstoð Bjarna Guðmundsonar og Hauks Júlíussonar.

Svartakusa hefur fengið góðan stað á Hvanneyri og eru Hvanneyringar mjög duglegir að fóðra hana! Hún hefur einnig fengið að vera á Unglingalandsmóti í Borgarnesi og tekið á móti dósnum og flöskum þar.

Gamlársbrenna

Eins og oft áður stóð félagið fyrir áramótabrennu við Tungutúnsborg rétt sunnan við þéttbýlið. Brennan tókst sérlega vel undir fallegum norðurljósahimni og mætingin var góð. Til að gæta öryggis var slökkviliðsbíll á staðnum.

Íþróttahúsið á Hvanneyri

Ungmennafélagið sér um úthlutun æfingatíma og aðgengi að leikfímishúsi Landbúnaðarháskóla Íslands samkvæmt samningi við LBHÍ frá árinu 2005. Tilgangur þess er að tryggja félögum aðgang að húsinu utan hefðbundinna æfingatíma.

Blakdeild Hvanna

Hópur félagskvenna hefur verið virkur í blakdeild Hvanna síðastliðið ár og er nú fyrst í vetur að taka þátt í Íslandsmeistaramóti BLÍ. Hvannir eru með æfingar tvisvar í viku og fengu síðastliðið haust nýjan þjálfara, Babsy Meyer, sem þurfti þó frá að hverfa nú um áramótin. Sólrún Halla hefur því aftur tekið við taumunum.

Annað

Hvanneyrarhátíð var haldin þann 9. júlí síðastliðinn. Ungmennafélagið tók þátt í undirbúningi og hátíðarhöldum með því að lána leiktæki sem börn og fullorðnir fengu að prófa á hátíðinni.

Þónokkuð margir félagar í Ungmennafélaginu Íslendingi lögðu lóð á vogaskálarnar við framkvæmd Unglingalandsmótsins í Borgarnesi sem fór fram um Verslunarmannahelgina. Meðal annars sá félagið alfarið um eina grein, hjólreiðar, en hún fór fram á Hvanneyri. Félagar komu einnig að dómgæslu, móttöku gesta, bílastæðavörslu, mælingum í frjálsum íþróttum og fleiru.

Ungmennafélag Reykdæla



Stjórn félagsins, kosin á aðalfundi UMFR þann 9. mars 2016.

Sjöfn Guðlaug Vilhjálmsdóttir, formaður
Hraundís Guðmundsdóttir, varaformaður
Pórður Eiríksson, ritari
Berglind Ósk Guðjónsdóttir, gjaldkeri
Rósa Vigdís Arnardóttir, meðstjórandi.
Bjarnfríður Magnúsdóttir, varamaður
Kristrún Snorradóttir, varamaður

Þorralót

Þorralót Ungmennafélags Reykdæla var haldið þann 6. febrúar í Logalandi, mæting var með besta móti. Veislustjóri kvöldsins var Viðar Guðmundsson, Galitó sá um þorramatinn og hljómsveitin Old Spice lék fyrir dansi. Skemmtiatriði komu frá heimamönnum og veislustjóra og varð þetta hin besta skemmtun.

Íþróttastarf

Íþróttastarfið var mjög blómlegt árið 2016 en UMF Reykdæla stendur fyrir æfingum fyrir börn 6 -16 ára. Boðið var upp á æfingar í körfubolta hjá öllum árgöngum og sundæfingar. Einnig var starfræktur íþróttaskóli fyrir börn í 1-4. bekk fjórum sinnum í viku á skólatíma sem hefur gefið mjög góða raun. Börnin fengu þar að kynna öllum íþróttum sem mögulegt er að bjóða upp á miðað við aðstæður og tæki. Sumarið fór af stað af fullum krafti en boðið var upp á sumarfjör með leikjanámskeiði, náttúruferðum og vísindum, fótbolta og listasmiðju.

Félagði bauð upp á sundnámskeið fyrir börn 4-6 ára sem haldið var í júní. Mikill áhugi var fyrir námskeiðinu og var því tvískipt, kennari var Ingibjörg Inga Guðmundsdóttir. Auk þess voru í boði sund- fótbolta- og körfuboltaæfingar um sumarið sem voru mjög vel sóttar. Um haustið fóru af stað æfingar í körfu, sundi og fótbolta ásamt íþróttaskóla. Iðkendum hefur fjölgað sem er vel og vil ég hvetja þá til að halda áfram á sömu braut með leikgleðina að leiðarljósi.



Þessir flottu krakkar hlutu viðurkenningar fyrir mestu framfarir í sundi, körfu og fótbolta 2016. Einnig var íþróttamaður UMF Reykdæla kjörinn, Rúnar Bergþórsson.



Upprennandi sundmenn að klára sundnámskeið.

Leikstarf

Leikhópur Reykdæla setti upp leikritið Óþarfa offarsí eftir Paul Smith í leikstjórn Ármanns Guðmundssonar. Leikritið er átta hurða farsí-útspekuleruð gildra. Sýningar gengu vel og aðsókn var með ágætum. Leikstarfið hefur alltaf verði öflug, kjarni starfsins er borin uppi af félögum sem hafa sinnt leikstarfinu í marga áratugi.



17. júní

Að venju var 17. júní haldinn hátíðlegur. Riðið var til messu þar sem Sr. Geir Waage þjónaði við altarið. Að henni lokinni var haldið í Logaland þar sem boðið var upp á hangikjöt ásamt meðlæti. Í Logalandi fór fram hátíðardagskrá með ræðu fjallkonunnar sem var að þessu sinni Gígja Snorradóttir. Veitt voru verðlaun til þeirra íþróttamanna sem hafa mætt vel á æfingar í vetur, sýnt miklar framfarir og að lokum var íþróttamaður Reykdæla krýndur. Að lokum fóru hátíðargestir út í garð, fullorðnir sem börn tóku þátt í hinum ýmsu leikjum, bæði hefðbundnum og óhefðbundnum og að sjálfsgöðu mætti karmelluflugvélin á svæðið og dreifði hlasi af karamellum til gesta.



Unglingalandsmót

19. unglingalandsmót UMFÍ var haldið í Borgarnesi um verslunarmannahelgina 2016. Við tókum að okkur að sjá um sundkeppnina og hóst undirbúningur að henni í maí. Guðjón Guðmundsson og Sjöfn formaður tóku að sér sérgreinastjórarstarfið og sáu um skpiulagningu og undirbúning. Mótið gekk mjög vel, keppendur voru 75 og sýndu þeir þrúðmennsku og keppnisandinn var góður. Sjálfboðaliðar voru 18 og vil ég þakka þeim kærlega fyrir gott samstarf og alla hjálpa. Það var okkur sannur heiður að fá að taka þátt í þessu glæsilega móti.

Yngri deildin

Yngri deild Ungmennafélags Reykdæla heldur úti ýmsum viðburðum fyrir börn og unglinga 16 ára og yngri. Má þar meðal annars nefna spilakvöld og diskótek. Einnig héldu þau grímuball á öskudaginn fyrir börn á leik- og grunnskólaaldri. Mæting var góð, farið var í hina ýmsu leiki, kötturinn sleginn út tunnunni og verðlaun veitt fyrir frumlega og flotta búninga.

Skógræktin

Áfram var haldið að grisja skóginn okkar og mættu nokkrir félagar í þá vinnu. Allir stærri bolir voru dregnir út úr skóginum og settir út á plan til geymslu og eða inn í hús til frekari

þurrkunar. Fyrirhugað er að smíða bekk og borð úr efniviðnum en félagið hefur hlotið styrk úr umhverfissjóði UMFÍ til þeirrar vinnu. Félagði hefur átt í samstarfi við Grunnskóla Borgarfjarðar að Kleppjárnsreykjum en nemendur skólans smíðuðu fuglahús sem sett hafa verið upp í skóginum. Enn er nokkur vinna eftir í skóginum en margt smátt gerir að lokum eitt stórt ☺

Markaðir

Félagið tók þátt í sveitamörkuðum sumarsins og jólamarkaði sem fóru fram í Nesi og seldu þar nýbakaðar vöflur með rjóma og heimagerðum sultum, einnig var kaffi, súkkulaði og djús í boði. Þessi fjáröflun hefur gefið ágætlega og tel ég að félagið muni halda þessari iðju áfram.

Tónleikar

Tónleikar voru haldnir þann 20. október með Bjartmari Guðlaugssyni sem voru mjög vel sóttir.

Gleðifundur

Árshátíð félagsins heitir Gleðifundur og var hann haldinn 26. nóvember þar sem hefbundin Gleðifundarstörf fóru fram, gamanmál og dans. Hljómsveitin Meginstreymi lek fyrir dansi fram á nótt.

Fundurinn var sæmilega sóttur.

Skötunefnd

Hin árlega skötuveisla var haldin 20. desember. Boðið var upp á kæsta skötu, saltfisk, hamsatólg, hnoðmör, kartöflur og heimabakað rúgbrauð. Vel var tekið til matar og nutu gesti, upplestrar Ármans Bjarnarsonar á Kjalvararstöðum og félagsskaparins.

Áramótabrenna

Ungmennafélagðið hefur sé um áramótabrennu á Tíðamelnum við Reykholt til margra áratuga. Blysför var frá kirkjunni í Reykholti kl. 17 og áramótasöngvar sungnir. Nokkuð erfiðlega gekk að kveikja í brennunni vegna bleytutíðar en brennugestir sungu því meira af áramótasöngvum.. Að vanda gladdi Björgunarsveitin Ok okkur með flugeldasýningu á brennunni.

Logaland

Ungmennafélag Reykdæla á og rekur félagsheimilið Logaland þar sem meginstarfsemi félagsins fer fram. Húsið er leigt undir ýmsa viðburði, ættarmót og fleira.

Íslandi allt

Fyrir hönd Reykdæla

Sjöfn Guðlaug Vilhjálmsdóttir.

Ungmennafélagið Skallagrímur

Knattspyrnudeild Skallagríms

Í þessari stuttu skýrslu verður gerð grein fyrir helstu verkefnum knattspyrnudeildar Skallagríms á árinu 2016 og hvernig starfsemin gekk fyrir sig.

Almennt um starf deildarinnar

Aðalfundur knattspyrnudeildar Skallagríms 2016 fór fram í aprílmánuði. Á fundinum var kosinn stjórn deildarinnar og skipuðu hana eftirtaldir aðilar:

- Formaður: Ívar Örn Reynisson
- Varaformaður: Páll S. Brynjarsson
- Ritari: Hjalti R. Benediktsson
- Gjaldkeri: Finnbjörn Ólafsson
- Meðstjórnendur; Kristján Finnur Kristjánsson og Guðrún B. Aðalsteinsdóttir

Í september lét Ívar af formennsku og tók Páll við henni, en Jón Arnar Sigbórsson tók sæti í stjórn í stað Ívars. Hrannar B. Leifsson gegndi starfi framkvæmdastjóra deildarinnar á árinu, en lét af störfum í lok október. Viktor Már Jónasson tók við starfi framkvæmdastjóra 1. janúar 2017.

Á aðalfundinum kom fram að rekstur deildarinnar skilaði tekjuafgangi árið 2015 upp á rúm 500 þúsund og að fjárhagsstaðan væri traust. Reksturinn styrktist enn frekar á árinu 2016, en tekjur vegna veitingareksturs á unglingalandsmóti og aukinni framlög KSÍ vegna góðs árangurs landsliðsins á EM færðu deildinni góða búbot.

Knattspyrnudeildin hélt utan um keppni í knattspyrnu á Unglingalandsmótinu í Borgarnesi um verslunarmannahelgina. Ríflega 800 keppendur tóku þátt voru spilaðir rúmlega eitthundrað leikir alls. Fyrir hádegi alla keppnisdaga var spilað á átta völlum en fjórum völlum eftir hádegi á meðan frjálsíþróttakeppnin var í gangi. Keppt var í fjórum aldursflokkum í bæði stráka- og stelpnaflokkum. Mótið gekk vel fyrir sig og kom fjöldi félaga að dómgæslu og ýmsum öðrum störfum fyrir deildina í tengslum við knattspyrnukeppnina. Eins og áður hefur komið fram sá knattspyrnudeildin ásamt körfuknattleiksdeild Skallagríms um veitingasölu á mótinu, bæði á keppnisstöðum sem og á tjaldsvæði. Þetta verkefni heppnaðist afar vel og skilaði góðum tekjum. Hér með er öllum þeim sem komu að vinnu við unglingalandsmótið færðar bestu þakkir fyrir þeirra framlag.

Meistaraflokkur Skallagríms

Eins og undanfarin ár lék meistaraflokkur karla hjá Skallagrími í 4. deild. Æfingar hófust snemma árs undir stjórn Aðalsteins Aðalsteinssonar þjálfara. Liðið spilaði í Lengjubikar KSÍ í mars og apríl og stóð sig ágætlega. Í bikarkeppni KSÍ féll lið Skallagríms út í annarri umferð eftir 2-0 tap fyrir fyrstudeildarliði ÍBK í hörkuleik á Skallagrímssvelli. Íslandsmótið hófst síðan í lok maí og lauk keppni í okkar riðli 4.deildar seinni hluta ágústmanaðar. Liðið var lengst af sumri í hörkubaráttu við lið ÍH-Hafnarfirði og KFG úr Garðabæ um sæti í úrslitakeppninni.

Niðurstaðan varð sú að við lentum í þriðja sæti riðilsins og urðum enn og aftur að bíta í það súra epli að komast ekki í úrslitakeppnina. Alls léku 26 leikmenn með liðinu í Íslandsmóti og verður að segjast eins og er að leikmannvelta hefur verið heldur mikil undanfarið hjá okkur. Það sem skiptir mestu máli í dag er að ná að búa til fastan kjarna sem ber liðið uppi og skapa meiri stöðuleika til þess að við náum frekari árangri.

Yngri flokkar Skallagríms

Starfsemi yngri flokka Skallagríms gekk almennt vel á árinu 2016 og iðkenda fjöldi ekki verið jafn mikill í mörg ár, en í árslok 2016 voru 151 iðkandi skráður í yngri flokkum félagsins. Hópur af vel menntuðum og hæfileikaríkum þjálfurum komu að þjálfun yngri flokka á árinu 2016 og í lok árs var ráðinn yfirþjálfari yngri flokka til að efla starfið.

Yngstu iðkendur í 6 og 7 flokki stráka og stelpna tóku þátt í ýmsum mótum árið 2016 og stóðu sig vel og voru félaginu til sóma. Í 5 flokki stráka og stelpna tókum við þátt í Íslandsmóti og 4. flokkur stráka tók einnig þátt í Íslandsmótinu, en þess má geta að strákarnir í 4 flokki urðu Faxaflóameistarar B-liða í A-deild. Í 4 flokki stúlkna voru við í samstarfi við Fram og Aftureldingu og spilaði sameiginlegt lið þessara félaga í Íslandsmóti. Í 3 flokki karla vorum við í samstarfi við Fram og var spilað undir merkjum Fram-Skallagríms. A-liðið varð í sjötta sæti í efstu deild Íslandsmótsins í þriðja flokki og B og C liðin náðu ágætum árangri. Þess má síðan geta að B-liðið sem var skipað nokkrum leikmönnum úr Skallagrími varð Reykjavíkumeistari og A-liðið varð í öðru sæti, en við áttum einnig leikmenn í því liði. Haustið 2016 hófust síðan æfingar fyrir 3 flokk stúlkna og frá og með haustinu höfum við getað boðið upp á æfingar í öllum flokkum barna og ungmenna frá 6 til 16 ára. Loks má geta þess að við höfum verið með æfingar einu sinni í viku fyrir börn á leikskólaaldri í samstarfi við UMSB og leikskólanna.

Við áttum á árinu 2016 tvo leikmenn á úrtökuæfingum fyrir landslið í 2001 árgangi og varð niðurstaðan sú í byrjun árs 2017 að annar þeirra var valin í landsliðið undir 17 ára. Við áttum síðan einn leikmann á úrtökuæfingum fyrir 2002 árganginn.

Það hefur því verið góður stígandi í starfi yngri flokka og ánægjulegt að krakkar utan Borgarness sækja í auknum mæli á æfingar hjá okkur og jafnvel krakkar úr öðrum sveitarfélögum og má nefna að krakkar úr Hvalfjarðarsveit og Dalabyggð hafa verið að æfa hjá okkur.

Lokaorð

Starf knattspyrnudeildar Skallagríms gekk um margt ágætlega á árinu 2016. Starfið er í föstum skorðum og allt ut anumhald mun betra eftir að framkvæmdastjóri kom til starfa. Við höfum á að skipa vel menntuðum og hæfileikaríkum þjálfurum og fjöldi iðkenda hafa ekki verið fleiri í áraraðir. Stjórn knattspyrnudeildar Skallagríms horfir því björtum augum til framtíðar.

Stjórn körfuknattleiksdeildar var þannig skipuð að loknum aðalfundi vorið 2016:

Gerð var breyting á stjórnskipulagi deildarinnar og er nú skipulagið þannig að kosin er þriggja manna aðalstjórn og síðan kosið í þrjú ráð sem eru yngri flokka ráð, meistaraflokksráð kvenna og meistaraflokksráð karla, þessar stjórnir og ráð eru þannig skipuð:

Aðalstjórn: Bjarki Þorsteinsson formaður, Ólafur K. Kristjánsson gjaldkeri og Ómar Örn Ragnarsson ritari.

Yngri flokka ráð: Kristinn Sigmundsson formaður, Íris Gunnarsdóttir, Kristín Amelía Þuríðardóttir, Eðvar Ólafur Traustason og Einar Árni Pálsson.

M.fl.ráð kvenna: Ámundi Sigurðsson formaður, Ragnheiður Guðmundsdóttir, Sigrún Reynisdóttir, Ásmundur Einar Daðason og Gauti Sigurgeirsson.

M.fl.ráð karla: Arnar Víðir Jónsson formaður, Eðvarð Sveinsson, Þorsteinn Guðmundur Erlendsson og Flosi Sigurðsson.

Hér á eftir fylgir greinargerð um starf síðasta árs og markmið næsta tímabils.

Innan Körfuknattleiksdeildarinnar starfar fjöldi manns bæði við leik og störf. Um er að ræða áhugamannasamtök þar sem unnið er í sjálfbæðavinnu fyrir utan að þjálfarar eru ráðnir til starfa. Á undanförunum árum hefur iðkendum fjölgað mikið og eru iðkendur nú tæplega 200, frá 6 ára aldri og langleiðina að sjötugu, þetta viljum við þakka metnaðarfullum áherslum í starfsemi deildarinnar og ráðningu yfirþjálfara yngri flokka sem heldur utanum og samræmir allt starf yngri flokka deildarinnar. Körfuknattleiksdeild Skallagríms er fyrirmyndarfélag ÍSí frá því árið 2015.

Yngri flokkar

Eins og oft hefur komið fram þá hefur körfuknattleiksíþróttin borið orðspor sveitarfélagsins víða. Góður árangur Skallagríms hefur vakið athygli og sveitarfélagið fengið mikla umfjöllun í fjölmiðlum vegna þess.

Í vetur hefur Skallagrímur verið með flokka í yngri deildum á Íslandsmóti og unga fólkið staðið sig gríðarlega vel. Það hefur verið stjórn mikið áhyggjuefni undanfarin ár hversu fáar stúlkur skila sér úr hverjum árgangi í íþróttagreinina en þar hefur nú orðið nokkur breyting á og er það mikið gleðiefni en samt er enn nokkur meirihluti iðkenda drengir, viljum við áfram leggja kapp á að fá til liðs við okkur fleiri stúlkur í körfuboltann

Mikið er um keppnisferðir og mótahald hjá svona stórum hópi iðkenda og hafa verið mót nánast allar helgar frá upphafið keppnistímabilsins hjá einhverjum aldurshópi og gaman að sjá hversu margir eru tilbúnir að leggja fram starfskrafta sína svo allt gangi upp bæði við ferðalög og skipulagningu móta hér heima.

Stjórn deildarinnar hefur eins og áður segir lagt mikið kapp á uppbyggingarstarf og eflingu yngri flokka. Í ljósi þeirrar stefnu þá má geta þess að þjálfarar yngri flokka sækja reglulega

þjálfaranámskeið og eru duglegir að fylgjast með þróun á þessum vettvangi. Yfirþjálfari yngri flokka körfuknattleiksdeildar Skallagríms er Pálmi Þór Sævarsson.

Þáttökugjöld í íslandsmótum eru alfarið greidd af körfuknattleiksdeildinni.

Jafnréttismál

Mikil áhersla hefur jafnan verið lögð á jafnréttismál í körfuknattleiksdeild og liðum karla og kvenna gert jafn hátt undir höfði þegar bæði lið hafa verið skráð í íslandsmót. Gætt hefur verið jafnræðis varðandi auglýsingar fyrir leiki meistaraflokka, aðgangssölu á leiki og umfjöllun á heimasíðu Skallagríms.

Fjármál/Fjárafilanir

Körfuknattleiksdeildin hefur haft mestar tekjur sínar af auglýsingasamningum við fyrirtæki og sölu aðgangsmiða og ársmiða á leiki mfl. karla og kvenna. Auk þess hefur verið fitjað uppá ýmsum nýjungum í starfi deildarinnar til fjáröflunar og fjölbreytni.

Meðal helstu fjárafilana/verkefna sem körfuknattleiksdeild hefur staðið fyrir:

- ✚ Þorablót – frá febrúar 2009 og árlega síðan.
- ✚ Nytjamarkaður – Opinn flesta laugardaga frá júní lokum 2009. Stjórn og foreldar í afgreiðslu.
- ✚ Heimilisvörur sala – frá 2009 gengið í hús og selt og síðar í fyrirtæki og á nytjamarkaði. Leikmenn meistaraflokka og á nytjamarkaði.

Ársreikningar deildarinnar fyrir undangengin rekstrarár sýna að það er mun umfangsmeiri rekstur þegar félagið á úrvalsdeildarlið, hvort sem er í kvenna- eða karlaflokki, er sá rekstur mun kostnaðarsamari en rekstur 1. deildarliðs, rekstur deildarinnar er nálægt því að vera í jafnvægi, þökk sé mikilli og óeigingjörnu starfi stuðningsfólks og góðum stuðningi fyrirtækja.

Fjárhagslegar áherslur:

- Fjármál yngri flokka og meistaraflokka séu áfram aðskilin.
- Yngri flokka ráð heldur utanum starfsemi yngri flokka, fjármál og mótahald.
- Meistaraflokksráð heldur utanum starfsemi meistaraflokka karla og kvenna, fjármál og mótahald.
- Stjórn körfuknattleiksdeildar í heild sinni heldur utanum sameiginleg verkefni deildarinnar, faglegar áherslur, sameiginleg fjármál deildarinnar og sérstakar fjárafilanir.
- Áhersla verður lögð á að halda rekstri í jafnvægi og efla áfram yngri flokka.
- Hófs verður gætt í öllum rekstri og langtímamarkmið skoðuð reglulega.

Faglegt starf Körfuknattleiksdeildar Skallagríms

Yngri flokkar.

Yngri flokka starf deildarinnar sé öflugt eins og mörg undanfarin ár, þó er mismunandi hversu margir einstaklingar skila sér til æfinga úr einstaka árgöngum. Stefnt er að því að fjölga iðkendum áfram á næsta tímabili en þó ber að nefna að takmarkaður tími í íþróttasal er töluverð hindrun í yngriflokkastarfi deildarinnar.

Faglegar áherslur næsta tímabils:

- Höldum áfram með starf yfirþjálfara yngri flokka. Heldur hann utanum aukaæfingar í sumar fyrir þá sem vilja og undirbúning næsta tímabils.
- Foreldrahandbók kynnt reglulega fyrir iðkendum og foreldrum.
- Lögð verður áhersla á þjálfaramenntun og þjálfarar studdir til þess að sækja þjálfaranámskeið.
- Markmið deildarinnar er að skrá sem flesta yngri flokka í mót næsta haust.
- Gjaldskrá verður stillt í hóf. Veittur er systkinaafsláttur, 50% fyrir annað systkini þriðja gjaldfrítt.
- Að körfuknattleiksdeild Skallagríms verði til fyrirmyndar hvað varðar faglegt starf, rekstur og þjálfaramál yngri flokka.
- Að öll framgangna yngri flokka körfuknattleiksdeildar Skallagríms verði til fyrirmyndar innan vallar sem utan.

Meistaraflokkar.

Meistaraflokkur kvenna leikur í úrvalsdeild, vann sér sæti þar vorið 2016, og er nú í harðri baráttu á toppi deildarinnar, þjálfari liðsins er Manuel Angel Rodriguez.

Meistaraflokkur karla leikur í úrvalsdeild, vann sér sæti þar að nýju vorið 2016 og er nú í harðri baráttu um að halda sæti sínu í úrvalsdeild. Mfl. karla er eins og árið áður með ungt lið ásamt nokkrum reynsluboltum, þjálfari liðsins er Finnur Jónsson.

Faglegar áherslur næsta tímabils:

- Að utanumhald æfinga og leikja verði gert fagmannlega og með sóma.
- Að halda vel utanum leikmenn meistaraflokkana innan vallar sem utan.
- Að mfl. karla og kvenna verði samkeppnishæf í sínum deildum.
- Að efla áhuga almennings á íþróttinni.
- Að leikmenn meistaraflokka Körfuknattleiksdeildar Skallagríms verði til fyrirmyndar innan vallar sem utan.

Að lokum vill undirritaður þakka öllu því góða fólki sem að starfi körfuknattleiksdeildar Skallagríms hefur komið. Á þá jafnt við um stjórnarfolk, starfsmenn í kringum leiki og mót og alla þá sem að fjáröflunum og öðru starfi hafa komið.

Borgarnesi 21. febrúar 2017

f.h. stjórnar körfuknattleiksdeildar Skallagríms
Björn Bjarki Þorsteinsson
formaður

Leikdeild Skallagríms

Á síðasta ári setti deildin upp leikritið Blessað barnalán eftir Kjartan Ragnarsson í leikstjórn Gunnars Björns Guðmundssonar og var það frumsýnt var í félagsheimilinu Lyngbrekku þann 10. Mars lokasýningin fór svo fram þann 8.apríl, alls voru sýndar 13 sýningar, sýningagestir voru alls 564 sem var talsvert undir væntingum.

6. febrúar var farið af stað með verkefni tengdu 100 ára afmæli deildarinnar sem fólust í að safna myndum, upptökum og munum tengdu starfi hennar síðustu 100 árin.

Á Brákarhátíð sem fram fór helgina 25-26 júní var síðan haldin sýning á þeim munum í Óðali einnig vorum við með söngdagskrá þar á laugardeginum.

Síðsumars var svo farið í það að semja verk þar sem farið var yfir söguna í stuttu máli þar sem fram komu karakterar sem margir könnuðust við sem fylgst hafa með deildinni á liðinni öld. Verkið byggðist að mestu upp á söng Halldór Hólm Kristjánsson sá um tónlistarstjórn og Jónas Þorkelsson um leikstjórn. Verkið var frumsýnt í Lyngbrekku þann 10. Nóvember og var lokasýningin á sjálfan afmælisdaginn þann 3. Desember áhorfendur voru ekki nema 243 sem er alveg skelfilegt.

Þann 13. Desember var svo enn og aftur farið af stað með æfingar, að þessu sinni er það Saumastofan eftir Kjartan Ragnarsson í leikstjórn Gunnars Björns Guðmundssonar og verður það frumsýnt 24. Febrúar næstkomandi.

Einnig voru nokkur jólasveinaverkefni sem ekki voru sérstaklega skráð niður.

F.h stjórnar leikdeildar Skallagríms

Jónas Þorkelsson meðstjórnandi

Stjórn leikdeildar skipa

Ása Dóra Garðarsdóttir Ritari

Gunnlaug S Gunnlaugsdóttir Gjaldkeri

Kristbjörn Steinarsson Meðstjórnandi

Jónas Þorkelsson Meðstjórnandi

Sunddeild Skallagríms

Stjórn Sunddeildar Skallagríms var skipuð Önnu Baldrúnu Garðarsdóttur gjaldkera, Guðbjörgu Guðmundsdóttur ritara, Heiði Hörn Hjartardóttur, Önnu Heiðrúnu Þorvaldsdóttur og Kjartani Sigurjónssyni meðstjórnendum.

Þjálfarar: Á vorönn þjálfaði Sólrún Halla Bjarnadóttir Kópa og Höfrunga og Gunnfríður Ólafsdóttir Seli og Höfrunga.

Að venju var nóg um að vera hjá Sunddeildinni og lögð var áhersla á tilbreytingu og ýmis uppbrót frá hefðbundnum



æfingum, eins og vinaæfingar, dóttaæfingar, bíósýningar og leiki. Reykdælir voru heimsóttir og sundmenn frá sunddeild Skallagríms kepptu á Gullmóti KR í Laugardalslaug, Landsbankamóti ÍRB og á Unglingalandsmóti í Borgarnesi í ágúst.



Ýmsar stærri upptækur hafa verið á árinu, t.d. á seinustu æfingu fyrir páska var s.k. páskaeggjasund, þar sem allir iðkendur sýndu áhorfendum hæfni sína við mikið lof viðstaddra. Í lok maí hvatti Sunddeildin til þátttöku í hreyfiviku og var fyrsti sundspretturinn í sundkeppni sveitarfélagana tekinn á æfingu Höfrunga með sveitastjórnarmönnum. Þess má geta að Borgarbyggð endaði í 11. sæti á landsvísi og er það nokkuð góður árangur enda í fyrsta skipti sem Borgarbyggð kemst á blað í keppninni. Í sömu viku var svo Vorhátíðin, síðasti viðburður vetrarins, en þá tóku iðkendur og foreldrar þátt í sundkeppninni og lögðu sitt af mörkum í keppninni. Börnin voru kvödd með grillveislu í Skallagrímssgarði og fengu gjöf í kveðjuskyni.

Haustið byrjaði með því að Hrafnhildur Lúthersdóttir, ólympíufari, kom í Borgarnes að frumkvæði Sunddeildar Skallagríms. Sagði hún frá reynslu og upplifun af því að taka þátt í stórmótum og því að vera afreksmanneskja í sundíþróttinni. Voru allir áhugasamir velkomnir og fengum við meðal annars gesti frá öðrum sundfélögum.

Fjáröflun: Sala friðarkerta í aðdraganda aðventunnar hefur skapað sér sess hjá sunddeildinni og var henni framhaldið í ár en salan er til styrktar Hjálparstofnun kirkjunnar. Fyrir sölu á friðarkertum fær deildin hluta sölutekna. Í ágúst var sett upp fyrsta auglýsingaskiltið í innilaug til styrktar Sunddeildarinnar. Stefnt er á að uppsetningu fleiri skilta, enda góður tekjumöguleiki og hefur Sunddeildin leyfi fyrir að hengja upp skilti við innilaug.

Stjórn Sunddeildar Skallagríms þakkar öllum fyrir gott samstarf á árinu 2016, sérstaklega sundfólkinu okkar, þjálfurum og foreldrum.

Ungmennafélag Stafholtstungna



Aðalfundur: Aðalfundur félagsins var haldinn 24. febrúar og er núverandi stjórnarskipan þannig að Agnes Guðmundsdóttir er formaður, Sæunn E. Sverrisdóttir er gjaldkeri og Hlöðver Ingi Gunnarsson er ritari. Stjórnarfundir voru á árinu, auk símtala og tölvusamskipta.

Nýársbrenna: Hin árlega nýársbrenna félagsins var haldin þann 2. janúar við félagsheimilið Þinghamar. Hún var í samvinnu við bæði björgunarsveitina Heiðar sem sá um flugeldasýningu fyrir ungmennafélagið og Kvenfélag Stafholtstungna sem stóð fyrir félagsvist seinna um kvöldið.

Íþróttir: Frjálsíþróttæfingar voru á fyrstu mánuðum ársins á skólatíma fyrir yngri meðlimi félagsins, í umsjá Andreu Davíðsdóttur, og héldu áfram er skóli hófst að hausti. Yfir sumartímann voru frjálsíþróttæfingar þar sem Unnur Jónsdóttir þjálfaði. Knattspyrnuæfingar voru einnig yfir sumarið og sá Ómar Ólafsson um þjálfun. Æfingar sumarsins voru vel sóttar eins og endranær og enduðu með gríni, glensi og þátttöku foreldra að vanda. Félagið keypti tvö spjót á árinu sem kom sér vel við æfingar.



Nattanicha Inga Ingólfssdóttir og Elísabeth Ýr M. Egilsdóttir

Yngri meðlimir félagsins tóku þátt í nokkrum mótum innan héraðs sem utan og helst ber að nefna Unglingalandsmótið sem var í Borgarnesi um verslunarmannahelgina. Ármótið í sundi var í umsjá félagsins þetta árið og var haldið í sundlauginni á Varmalandi þann 13. júlí.

Íþróttamaður félagsins árið 2016 var sem fyrr valinn í janúar 2017 og varð Sigursteinn Ásgeirsson hlutskarpastur í því vali. Hann var tilnefndur fyrir afrek sín í frjálsum íþróttum en hann var með besta afrekið yfir landið í kúluvarpi og spjótkesti og næst besta afrekið í kringlukasti og sleggjukasti.



Sæunn E. Sverrisdóttir afhendir Sigursteini Ásgeirssyni viðúrkenningar



Sigursteinn Ásgeirsson

Sigursteinn er mjög efnilegur og stefnir á að verða einn besti kastari landsins. Einnig má nefna að hann var valinn í afrekshóp 15 – 22 ára á vegum Frjálsíþróttasambands Íslands.

17. júní hlaupið, 600 m hlaup fyrir börn 12 ára og yngri, var haldið þann 1. júní á Varmalandi. Hlaupið er samstarfsverkefni félagsins og íþróttakennara á Varmalandi og er haldið síðasta skóladaginn ár hvert. Að þessu sinni sigraði Rúnar Freyr Einarsson.

Hestaferð: Stefnt var upphaflega að því að fara í reiðtúrinn þann 5. júlí. En þegar leið að deginum var ljóst að allflestir yrðu í heyskap og því var reiðtúrnum frestað.

Farið var sunnudaginn 14. ágúst frá Brekku í Norðurárdal. Riðið var fram hjá Grábrók inn með Hreðavatni út að Kiðá. Þar var áð við fallegan foss og nestið borðað. Síðan var farin svipuð leið til baka. Þátttaka var ágæt, um 15 knapar og veður gott.

Fjáröflun: Dósasöfnun hefur til margra ára verið helsta fjáröflunarleið ungmennafélagsins. Gekk söfnunin vel þetta árið en veðrið hefur mikið að segja um það hve mikið er í gámunum.

Dósagámar merktir félaginu eru í sumarbústaðahverfi Munaðarness, við bæinn Tún og á tjaldsvæðinu á Varmalandi. Mikilvægt er að losa gámana reglulega yfir sumartímann og hafa eftirlit með losun þeirra að vetri til.

Félagsmenn stóðu einnig vaktina við dyravörslu í Þinghamri á dansleikjum harmonikkuunnenda um verslunarmannahelgina. Einnig unnu félagsmann mjög margar vaktir fyrir sitt félag og einnig önnur félög á sambandssvæðinu í kringum Unglingalandsmótið. Tók félagið að sér sérgreinastjórnun á unglingalandsmótinu í upplestri og stafsetningu. Stóðu ungmennafélagar og stjórnarmeðlimir sig vel í að manna verkin og reyndust ávallt reiðubúnir.

Umhverfismál: Umhverfisdagur var 11. júní á Varmalandi og mættu rúmlega 20 manns með uppbrettar ermar og góða vettlinga. Klipptar voru greinar og tré grisjuð eða söguð niður í búta en mörg tré höfðu brotnað illa í vetur og voru orðin hættuleg börnum við leik á svæðinu. Trébútarnir og greinarnar voru dregnar eða bornar út úr skóginum og fylltu tvo gáma.



Guðmar Sigvaldason og Guðmundur Garðar Brynjólfsson



Guðmundur Garðar, Guðmundur Finnsson og Agnes Guðmundsdóttir



Bjartmar Á. Sigvaldason, Guðmar Sigvaldason og fleiri

Félagið stóð fyrir að kurl var borið í göngustíga í skóginum og göngustígur merktur með máluðum stikum á Varmalandi.



Ungmennafélagið gaf 1. bekk Varmalandsdeildar Grunnskóla Borgarfjarðar bekkjartré. Bekkurinn valdi þá tegund sem þeim fannst efnilegust og varð kasmírreynir fyrir valinu. Það mun vonandi prýða og auka fjölbreytni skógarins á Varmalandi þegar fram sækir. Nemendur munu síðan fylgjast áfram með vexti bekkjartrésins á meðan á skólagöngu þeirra standur.

Leikdeild: Stjórn leikdeildar skipa, Ásgeir Ásgeirsson formaður, Erla Gunnlaugsdóttir gjaldkeri og Sigurlaug Kjartansdóttir ritari. Aðalfundur leikdeildarinnar var haldinn í nóvember, einnig voru nokkrir stjórnarfundir. Ákveðið var að setja upp leikrit með áætlaðan frumsýningardag í mars 2017 í tilefni af afmæli leikdeildarinnar. En leikdeildin var stofnuð formlega 3. febrúar 1977 svo hún verður 40 ára eins og glöggir stærðfræðingar sjá í hendi sér. Ráðinn var leikstjóri og heitir hann Hörður Sigurðarson, æfingar standa yfir þegar þetta er ritað og heitir leikritið „Einn koss enn og ég segi ekki orð við Jónatan“.

Gönguferð: Gönguferð félagsins var farin þann 21. ágúst. Gengin var leið sem er verulega falleg og auðveld. Lagt var af stað frá afleggjarnum að gömlu malarnámunni við Laxfoss og gengið vestur fyrir Hreðavatn. Gengið var meðfram vatninu og yfir Kiðá sem rennur í Hreðavatn þá var tekinn smá krókur upp að Kiðárfossi. Að lokum var gengið eftir veginum í áttina að Hreðavatsbænum. Göngunefnd sá um skipulag ferðarinnar en í henni voru Birgir Hauksson, Íris I. Grönfeldt og Guðmundur Finnsson.



Kiðá

Að lokum vil ég þakka stjórnarmönnum og öðrum félagsmönnum óeigingjarnt starf í þágu félagsins en án þeirra væri afar erfitt að halda félagi sem þessu virku. Eins og oft þá stóðu ungmennafélagar og stjórnarmeðlimir sig vel í að manna verkin sem farið var í á árinu.

F.h. stjórnar
Agnes Guðmundsdóttir



Ársreikningur 2016

Áritanir á ársreikning UMSB 2016

Ársreikningur Ungmennasambands Borgarfjarðar fyrir árið 2016 hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning og sundurliðanir. Samkvæmt rekstrarreikningi er hagnaður ársins 2,6 millj.kr. og eigið fé í árslok er 11 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Ársreikningurinn er á ábyrgð stjórnar sambandsins og samþykkir stjórn og framkvæmdastjóri ársreikninginn fyrir árið 2016 með undirritun sinni.

Borgarnesi, 2/3 2017.

Stjórn:

Sýkur Halla Bjarnadóttir
Ólafur Ólafsson
Elva Pétursd.

Þorhildur M. Kristinsdóttir

Framkvæmdastjóri:

Pálmi Blöngsson

Við höfum aðstoðað stjórnendur Ungmennasambands Borgarfjarðar við gerð ársreiknings sambandsins fyrir árið 2016. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins sem fært er af okkur. Við höfum ekki framkvæmt endurskoðun.

Borgarnesi, 2/3 2017.

KPMG ehf.

Konradur Einarsson

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Ungmennasambands Borgarfjarðar höfum yfirfarið ársreikning sambandsins fyrir árið 2016. Teljum við hann sýna rétta mynd af rekstri sambandsins á árinu 2016 og efnahag þess í árslok 2016. Leggjum við til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Borgarnesi, 2/3 2017.

Guðr. Brynjálfsson
Ólafur Pálsson

Ungmennasamband Borgarfjarðar

Ársreikningur 2016

Rekstrarreikningur árið 2016

	Skýr.	Áætlun 2016	2016	2015
REKSTRARTEKJUR				
Félagaskattur	1	1.380.150	1.369.800	1.336.950
Framlög og styrkir	2	18.514.204	18.775.347	17.798.174
Lottó	3	6.390.953	7.437.625	6.390.953
Tekjur v/íþróttu og móta	4	1.100.000	1.260.072	440.700
Húsa- og vallarleigutekjur	6	26.845.956	28.642.008	26.345.956
Aðrar tekjur	7	1.000.000	47.000	82.300
Rekstrartekjur alls		55.231.263	57.531.852	52.395.033

REKSTRARGJÖLD

Laun og verktakagreiðslur	8	15.730.000	15.617.249	15.230.484
Styrkir til aðildarfélaga	9	8.054.349	8.141.327	7.852.603
Áhöld og tæki	11	200.000	71.562	261.794
Þátttaka í mótum	12	0	407.500	64.500
Kostnaður v/mótahalds	13	1.000.000	246.043	604.111
Rekstur mannvirkja	14	26.929.367	28.575.812	26.904.003
Rekstur skrifstofu	15	1.502.400	1.333.600	1.529.527
Kynning, fræðsla og útbreiðsla	16	581.600	522.788	622.691
Önnur gjöld	18	360.000	16.557	541.044
Rekstrargjöld alls		54.357.716	54.932.438	53.610.757

Hagnaður (tap) án fjármagnsliða	873.547	2.599.414	-1.215.724
--	----------------	------------------	-------------------

FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD

Vaxtatekjur	81.191	77.643
Vaxtagjöld - dráttarvextir	-28.890	-24.378
Vaxtagjöld og verðbætur af langtímalánum	0	0
	52.301	53.265

Hagnaður (tap) tímabilsins	2.651.715	-1.162.459
---	------------------	-------------------

Efnahagsreikningur árið 2016

EIGNIR		2016	2015
FASTAFJÁRMUNIR			
Varanlegir rekstrarfjármunir	21	7.975.561	7.975.561
Fastafjármunir alls		<u>7.975.561</u>	<u>7.975.561</u>
VELTUFJÁRMUNIR			
Skammtímakröfur	24	1.203.640	672.942
Handbært fé	25	8.456.509	4.815.013
Veltufjármunir alls		<u>9.660.149</u>	<u>5.487.955</u>
Eignir samtals		<u>17.635.710</u>	<u>13.463.516</u>
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ			
EIGIÐ FÉ			
Óráðstafað eigið fé		3.623.127	4.785.586
Endurmatsreikningur		4.773.027	4.773.027
Tekjuafgangur ársins		2.651.715	-1.162.459
Eigið fé alls		<u>11.047.869</u>	<u>8.396.154</u>
LANGTÍMASKULDIR			
SKAMMTÍMASKULDIR			
Ógr. laun og launatengd gjöld	26	1.276.527	460.735
Viðskiptaskuldir		2.362.160	1.942.900
Afreksmannasjóður		2.949.154	2.663.727
Skammtímaskuldir alls		<u>6.587.841</u>	<u>5.067.362</u>
Skuldir og eigið fé samtals		<u>17.635.710</u>	<u>13.463.516</u>

Sundurliðanir

	2016	2015
1. Félagaskattur		
Félagaskattur	1.369.800	1.336.950
Félagaskattur alls	<u>1.369.800</u>	<u>1.336.950</u>
 2. Framlög og styrkir		
Styrkir ÍSí og UMFÍ		
Útbreiðslustyrkur ÍSí	456.258	350.178
Styrkir, ÍSí og UMFÍ alls	<u>456.258</u>	<u>350.178</u>
 Styrkir, bæjarfélag		
Styrkir frá sveitarfélögum	17.722.362	16.703.620
Styrkir, bæjarfélag alls	<u>17.722.362</u>	<u>16.703.620</u>
 Aðrir styrktaraðilar		
Aðrar tekjur	396.461	516.377
Bókhaldsstyrkir KPMG	200.266	227.999
Aðrir styrktaraðilar alls	<u>596.727</u>	<u>744.376</u>
Framlög og styrkir alls	<u>18.775.347</u>	<u>17.798.174</u>
 3. Lottó		
Lottó ÍSí	2.863.934	2.494.005
Lottó UMFÍ	4.573.691	3.896.948
Lottó alls	<u>7.437.625</u>	<u>6.390.953</u>
 4. Tekjur v/íþróttu og móta		
Tekjur v. móta - skráningargj	181.382	0
Unglingalandsmót	1.078.690	0
Frjálsíþróttaskóli - þáttt.gjöld	0	440.700
Tekjur v/íþróttu og móta alls	<u>1.260.072</u>	<u>440.700</u>
 6. Húsa- og vallarleigutekjur		
Húsaleiga	780.000	220.000
Styrkur Borgarbyggð v. mannvirkja	6.000.000	6.000.000
Reiknuð leiga íþróttamannvirkja	21.862.008	20.125.956
Húsa- og vallarleigutekjur alls	<u>28.642.008</u>	<u>26.345.956</u>

7. Aðrar tekjur	2016	2015
Vörusala		
Seldur íþróttafatnaður	47.000	82.300
Vörusala alls	47.000	82.300
Aðrar tekjur alls	47.000	82.300

8. Laun og verktakagreiðslur

Laun		
Laun skrifstofu	11.254.932	10.888.828
Tryggingagjald	965.867	983.265
Lífeyrissjóður	1.153.893	1.088.882
Orlofs- og sjúkrasjóður	185.705	182.939
Slysatryggingar	16.852	16.570
Laun alls	13.577.249	13.160.484
Bifreiða- og aðrir styrkir		
Bifreiðakostnaður	1.200.000	1.150.000
Dagpeningar	840.000	920.000
Bifreiða- og aðrir styrkir alls	2.040.000	2.070.000
Laun og verktakagreiðslur alls	15.617.249	15.230.484

9. Styrkir til aðildarfélaga

Aðildarfélög v. lottó	3.547.484	3.097.555
Afreksmannasjóður v. lottó	378.881	319.547
Ferðastyrkir	0	175.000
Starfsstyrkir til aðildarfélaga	4.134.962	4.060.501
Sérverkefni	80.000	200.000
Styrkir til aðildarfélaga alls	8.141.327	7.852.603

11. Áhöld og tæki

Búningar	68.031	61.800
Skrifstofuáhöld	0	59.999
Önnur áhöld	3.531	139.995
Áhöld og tæki alls	71.562	261.794

12. Þátttaka í mótum

Skráningargjöld	47.500	64.500
Skráningargjöld ULM	360.000	0
Þátttaka í mótum alls	407.500	64.500

13. Kostnaður v/mótahalds	2016	2015
Verðlaunapeningar	90.600	207.766
Kostnaður v. móta	0	70.945
Íþróttaskóli	121.750	325.400
Landsmót	33.693	0
Kostnaður v/mótahalds alls	246.043	604.111

14. Rekstur mannvirkja

Húsaleiga	25.000	49.500
Reiknuð leiga íþróttamannvirkja	21.862.008	20.125.956
Umhirða íþróttavalla	6.000.000	6.000.000

Rekstur Borgarbraut 61

Tryggingar	25.236	21.788
Rafmagn	44.688	58.922
Hiti..	65.573	65.181
Viðhald	141.433	82.243
Fasteignagjöld	92.634	146.560
Vatns og fráveitugjöld	50.013	76.927
Annar kostnaður	71.658	9.101
Sameiginlegur kostnaður	197.568	267.825
Rekstur Borgarbrautar 61 alls	688.803	728.547

Rekstur mannvirkja alls

28.575.811 26.904.003

15. Rekstur skrifstofu

Sími.	442.018	376.091
Ritföng	163.258	80.776
Póstkostnaður	0	1.795
Kostnaður v. funda	102.568	316.495
Kaffikostnaður	19.626	107.560
Tölvukostnaður	45.849	37.902
Bókhaldskostnaður	277.158	227.999
Kostnaður v. ársskýrslu	78.668	83.529
Innheimtugerfi	159.955	197.380
Annar skrifstofukostnaður	44.500	100.000
Rekstur skrifstofu alls	1.333.600	1.529.527

16. Kynning, fræðsla og útbreiðsla	2016	2015
Ferðakostnaður v/námskeiða	0	70.000
Styrkir	3.000	6.000
Fréttabréf / auglýsingar	266.804	355.519
Heimasíða	91.484	86.172
Þing og samráðsfundir	5.500	0
Námskeið	156.000	105.000
Kynning, fræðsla og útbreiðsla alls	522.788	622.691

18. Önnur gjöld		
Þjónustugjöld VISA/EURO	5.134	34.894
Þjónustugjöld banka	5.353	6.693
Annar kostnaður	6.070	499.457
Önnur gjöld alls	16.557	541.044

21. Varanlegir rekstrarfjármunir		
Borgarbraut 61	6.874.928	6.874.928
Hluti í Þinghamri	4.001	4.001
Safnahús	3.000	3.000
Íþróttavöllur Varmalandi	7.043	7.043
Tölva og fylgihlutir	55.269	55.269
Húsgögn	38.414	38.414
Tjald	42.126	42.126
Íþróttáhöld	950.780	950.780
Varanlegir rekstrarfjármunir alls	7.975.561	7.975.561

24. Skammtímakröfur		
Viðskiptakröfur	854.805	672.942
Skammtímakröfur alls	854.805	672.942

25. Handbært fé		
Reikn nr. 59	5.917.494	2.470.833
Peningamarkaðsreikn 552045	2.539.015	2.344.180
Handbært fé alls	8.456.509	4.815.013

26. Ógr. laun og launatengd gjöld		
ógr. laun	805.805	0
ógr. lífeyrissjóður	169.569	132.974
ógr. félagsgjöld	1.484	16.503
ógr. staðgreiðsla	212.304	209.713
ógr. tryggingagjald	76.433	66.047
ógr. skattar utan staðgreiðslu	10.932	35.498
Ógr. laun og launatengd gjöld alls	1.276.527	460.735

Ungmennasamband Borgarfjarðar

Afreksmannasjóður - Ársreikningur 2016

	Skýr.	2016	2015
Rekstrartekjur			
Framlög v/Lottó		378.881	319.547
Framlag Borgarbyggð		307.850	304.538
Framlag Skorradalshreppur		50.946	0
Vextir		72.187	52.742
		809.864	676.827
Gjöld			
Styrkir		510.000	515.000
Vextir		14.437	10.548
		524.437	525.548
Rekstrarniðurstaða		285.427	151.279
Efnahagsreikningur			
Eignir			
Bankareikningur		2.539.015	2.344.180
Krafa á UMSB		410.139	319.547
Eignir samtals		2.949.154	2.663.727
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé		2.949.154	2.663.727